# Múhammeð Sendiboði Guðs

## (Má Guð blessa hann)

Fyrsta útgáfa

Abdurrahman al-Sheha

Al-Risalah Skandinaviska Stiftelse

Fyrsta útgáfa

Útgáfuréttur © 2006 Abdurrahman al-Sheha

Allur réttur áskilinn.

Þessi útgáfa er höfundarétt bundin. Öll eða hlutir af bókin er hægt að nota í fræðslu og menntunarskyni með því skilyrði að það efni sem notast sé ekki á nokkurn hátt sett úr samhengi eða notað í hagnaðarskyni, öll notkun er með því skilyrði að vitnað sé í bókina í heimildaskrá.

Við viljum ítreka velþóknun okkar á þeim sem hafa lagt hjálp við að gefa út þessa bók. Má Guð verðlauna þeim fyrir hjálp þeirra. Ef þú lesandi góður vill leiðrétta einhver mistök í textanum eða koma með uppástungur þá er ykkur velkomið að hafa samband við okkur.

Þýðing frá sænsku af .Sumayyah bint Khabbab Center Reykjavik

Þýðendur: Haukur Þór
Þorvarðarson Haukur.Thorvardarson@gmail.com
Julie Sif Nihouarn Sigurðardóttir
choupette_is@yahoo.com

Gefin út af:

Al-Risalah Skandinaviska Stiftelse

ALRISALAH SKANDINAVISKA STIFTELSE
BOX: 14012
70014 ÖREBRO – SWEDEN
FAX: 0046-19-123146
TÖLVUSKEYTI: RSS@RISALAH.SE
WEB: RISALAH.SE

## Leiðbeiningar frá þýðandanum

- Samkvæmt íslamskri hefð og til þess að sýna Spámanninum Múhammeð (ﷺ) virðingu fylgir nafn hans alltaf blessun, sem er oft skrifað með arabískum bókstöfum eftir nafni spámannsins. Á sænsku er þessi blessun oft þýdd sem „megi friður Guðs og blessanir vera yfir honum". Þessi bók fylgir íslamskri hefð og þess vegna er notað táknið „ﷺ" sem er arabíska táknið fyrir blessun spámansins.

- Allar þýðingar af Kóraninum er þýddar úr annarri útgáfu af bók eftir Muhammad Knut Bernströms *Koranens Budskap*, Stokkhólmi 2002, sem er besta Sænska túlkunin á Kóraninum sem til er í dag. Ritverk Bernströms inniheldur einnig mikið af útskýringum, tilvitnununum og glósum sem hafa það hlutverk að auðvelda lesturinn. Því miður er ekki til nákvæm og góð þýðing af Kóraninum á Íslensku, sem er nothæf og hægt að styðjast við. Þetta gerir það að verkum að það verður að styðjast við sænsku túlkunina af Kóraninum.

- Lesandinn verður líka að vita að þýðingarvinna er aðeins niðurstaða túlkunar þýðandans á frumtextanum. Þýðingar Kóransins eru alltaf kallaðar túlkanir af Kóraninum í stað þýðinga, þar sem Kóraninn er varðveittur á Arabísku í óbreyttri mynd. Til að fá bestan skilning á Kóraninum er þess vegna best að styðjast við margar túlkanir, og ennþá betra að lesa Kóraninn á Arabísku.

# Innihald

*1. Kynning* ______________________________________ 6

*2 Hver er sendiboðinn ?*____________________________ 12

*3. Fæðing, barnæska og boðorð* _ Error! Bookmark not defined.

*4. Lýsing á spámanninum* ___________________________ 36

*5. Mannasiðir og háttvísi Spámannsins* ________________ 40

*6. Siðferði í hegðun Spámannsins*_____________________ 69

*7. Óhlutdrægar staðhæfingar um réttlæti og réttvísu*______ 75

*8. Eiginkonur spámannsins*___________________________ 79

*9. Ritaðar heimildir sem sanna stöðu Múhameðs sem spámanns* _____________________________________ 83

*Úr Kóraninum*_________________________________ 83

*Úr Sunnah*_____________________________________ 124

*Úr eldri heimildum* ______________________________ 84

*Úr Nýja Testamentinu*_____________________________ 91

*10. Umsagnir fræðimanna um Múhammeð Spámann(ﷺ)*__ 94

*11. Niðurstaða* ___________________________________ 113

## 1. Kynning

Allt lof sé Guði, skapara, framfleyttari og Drottinn alheimsins, og megi Guð blessa spámann sinn og fylgjendur hans.

Múslímar vita án nokkurs vafa að Múhammeð (ﷺ)[1] er merkasti einstaklingur í mannkynssögunni, og að sú staðhæfing sé byggð á sterkum grunni. Sá sem hefur lesið ævisögu spámannsins og hefur skilið manndóm hans og persónuleika, og á sama tíma leggur til hliðar fordóma og villudóm mun einnig fá fram sömu niðurstöðu, sem og margir aðrir einstaklingar

Prófessorinn Hasan Ali, megi Guð vera miskunnarsamur honum, staðfesti í tímariti sínu „Noor al-Islam”[2] að einu sinni sagði einn samstarfsfélagi við Hasan Ali sem ekki var Múslími „Ég viðurkenni og trúi að Sendiboði (ﷺ) Íslam er merkasti einstaklingur mannkynssögunnar. Prófessorinn Hasan Ali, megi Guð vera miskunnarsamur honum spurði: „Af hverju finnst þér það?” Hann svaraði:

[1] Þetta arabíska orð þýðir: „megi Guð hefja hann upp og halda honum frá öllu illu”, og er einnig þýtt sem ”megi Friður og Blessanir Guðs hvíla yfir honunm).

[2]Sjáið Muneer Sulaiman an-Nadawi, *ar-Risalah al-Muhammadiyyah*, s. 114-115.

Enginn hafði sömu góðu einleika eins og að hlusta á aðra, siðferði og góða manngerð. Hann var kóngur sem sameinaði allan Arabíuskagann, en var á sama tíma auðmjúkur, trúði og sagði að allt konungsríkið  væri ekki eign hans heldur Guðs eins, og að hann væri aðeins þræll og þjónn Guðs.

Miklar allsnægtir voru honum boðnar en hann hafnaði þeim og lifði einföldu og fátæku lífi, svo fátæku að stundum var ekki kveiktur eldur í heimili hans dögum saman  og heila fjölskyldan svalt vegna matarskorts. Hann var stór leiðtogi og leiddi nokkuð hundruð í stríði gegn herjum sem  voru stundum tífalt stærri. Hann vildi frekar gera friðarsamninga við þá sem voru óvinir trúarinnar og ætluðu sér að eyðileggja trúna, en að berjast við þá, þó að hann hefði alla burði til þess með hugraka fylgisveina að baki sér. Hver einn af þeim var reiðubúinn að sannfæringu sinni að fara einn á móti ofurliði án þess að finna fyrir nokkurri hræðslu. Spámaðurinn (ﷺ) var líka góðhjartaður og manngóður og vildi gera allt til þess að spilla ekki blóði og kaus fremur frið . Hann var mjög upptekinn af því sem var að gerast á þessum tímum en hann gleymdi skildum sínum gagnvart fjölskyldu sinni eða fátækum og bágstöddum aldrei . Öll athygli hans var beint að breiða út Íslam og kalla  til Íslam þá sem höfðu  villst af leið.. Í heild sinni var hann maður sem hafði áhyggjur af ástandi mannfólksins og vildi betrumbæta ástandið (kjör þeirra?)  en hafði þar á móti engan áhuga á veraldalegum hlunnindum. Hann notaði mest allan sinn tíma í að tilbiðja Guð, og elskaði að gera hluti sem Guði var velþóknanlegt . Hann   hefndi sín

aldrei af persónulegum ástæðum, heldur bað hann fyrir óvinum sínum og varaði þá við refsingu Guðs .

Hann var meinlætamaður þegar hann var spurður, og stóð alltaf og bað til Guðs í gegnum heilar nætur (þar til fætur hans bólgnuðu af þreytu). Hann var hugrekkasti hermaðurinn sem slást (slóst) sjálfur með sverði og vann bug á þjóðum (sem vildu leggja niður boðorð hans). Hann svaf á mottu búna til úr heyi og á kodda sem var gerður af grófum trefjum . Fylgjendur hans vildu krýna hann sem Soltans yfir Aröbunum og kóng yfir Arabíuskaganum,[3] en fjölskylda hans lifði einföldu lífi á meðan hans lífi stóð og eftir dauða hans. (En) ríkidómum sem var safnað undir stríðsrekstri var dreift jafnt til allra.

Dag einn, kvartaði Fatima, dóttir spámannsins við föður sinn yfir því erfiða dagsverki sem hún hafði við að sækja vatn, en vatnskrúsin sem hún notaði við þetta verk fannst henni óhentugt. Í stað þess að gefa henni hluta af hinum safnaða ríkidómi svo að hún gæti ráðið sér einhvern til að sækja vatn fyrir sig þá kenndi hann henni í stað nokkrar blessanir og að biðja . Fylgisveinn spámannsins Umar[4] kom eitt sinn í heimsókn til spámannsins, og þegar hann leit í kringum sig í húsinu þá sá hann ekkert nema eina mottu gerða úr heyi þar sem Spámaðurinn (ﷺ) sat. Einu matvælin

[3]Það er stórkostlegtur miskilningur í bóstaflegri merkinu þar sem hann átti aldrei krónu og er meira notað sem myndlíking fyrir Spámannahlutverki hanns.

[4]Einn af nánustu lærisveinum Spámannsins og annar Kalífin eftir dauða hans.

sem fundust þennan dag í húsinu var handfylli af korni og einn leðurpoki fylltur vatni sem hékk á vegnum – það voru allar þær veraldlegu eigur sem spámaður Guðs átti á þessum tíma þegar helmingur íbúa Arabíuskagans fylgdi honum og viðurkenndi hann sem spámann. Þegar Umar sá þessa örbyggð og sárra fátækt sem Spámaðurinn (ﷺ) lifði við þá brast hann í grát. Sendiboði Guðs (ﷺ) sagði:

„Af hverju grætur þú, Umar?” Hann svaraði: „ Af hverju ætti ég ekki að gráta – Kóngur persanna (Kosrau) og keisarinn voru ánægðir og nutu gnægta þess heims á meðan Sendiboði Guðs (ﷺ) á aðeins eigur sem ég hef nú fyrir framan mín augu!” Hann svaraði: „Umar, mundi það ekki gleðja þig ef þú fengir nú að heyra að þetta (veraldalega líf) er paradís fyrir þá ótrúuðu svo sem konung persanna og keisarann, en alsnægtir næsta lífs er aðeins fyrir okkur?”

Þegar Spámaðurinn (ﷺ) færði sigur yfir Mekku og athugaði ástand hermanna sinna, þá stóð Abu Sufyan sem hafði þá ekki enn tekið á móti Íslam við hlið al-Abbas, sem var föður bróðir Spámannsins, og leit yfir stærð Múslimska hersins. Abu Sufyan var undrandi yfir stærð hers Múslíma, sem eins og fljótandi vatn skreið hægt og rólega í áttina að Mekka. Og sá að ekkert gat hindrað þennan her og framgang hans. Þá sagði Abu Sufyan til al-Abbas: „...Abbas, föður bróður þinn er á góðri leið með að verða mikill konungur!”. Abbas svaraði með því að segja: „Allt sem þú sérð snýst ekki um

það að fá konungsdæmi heldur snýst allt þetta um Spámanninn og boðskap hans Íslam.”

‘Ad’î at-Ta’î, sonur Ha’tim at-Ta’î – var gjafmildastur allra – en var þá á þeirri stundu ennþá kristinn er hann hitti Spámanninn í fyrsta skipti. Þegar hann sá hvernig fylgisveinar sýndu Spámanninum lotningu, nærgætni og virðingu varð hans hissa – var hann spámaður eða konungur? Hann spurði sjálfan sig um hvort þessi innrás í Mekka var af konungi eða af sendiboða Guðs. Þegar hann var að íhuga þetta þá kom blásnauð kona til Spámannsins og sagði: „Ég vill segja þér leyndarmál.” Hann spurði hana : „Á hvaða götu Medínu viltu að ég hitti þig?”. Spámaðurinn (ﷺ) steig af hesti sínum og tók sér góðan tíma í að svara spurningum konunnar og veita henni aðstoð. Þegar Ad’î sá auðmjúkleika Spámannsins, var hann sannfærður um að boð Spámannsins var hið rétta kastaði hann af sér krossinum og tók Íslam sem trú sína.

Í þessari bók munum við nefna mörg vísindaleg rök sérfræðinga Mið-austurlanda um Múhammeð( ﷺ ). En Múslímar þurfa í raun ekki vísindaleg rök Mið-austurlenska sérfræðinga að halda vegna þess að fyrir það fyrsta þá trúa Múslímar á Spámanninn (ﷺ) og boð hans. Og við þurfum ekki vísindaleg rök Mið-austurlanda fræðinga til að sannfæra okkur, en ástæðan fyrir því að þessi rök eru nefnd eru tvíþætt:

1. Vegna þess að þessi rök eiga að vera sem áminning og viðvörun til þeirra Múslíma sem hafa yfirgefið trú sína,

Spámann (ﷺ) sinn og kenningar hans. Við vonum og biðjum til Guðs að þessi bók opni augu þeirra og þeir snúi aftur til trúar sinnar[5].

2. Og einnig til þess að þeir sem eru ótrúaðir geti í gegnum ummæli frá öðrum ótrúðum séð hvernig maður Spámaðurinn (ﷺ) var og með því fengið betri skilning á Íslam og stigi rétt skref .

Ég bið þig lesara (lesandi góður) sem ert í leitinni að sannleikanum að ekki bara halda þig við fyrirfram mótaðar hugmyndir og tilhugsunum þegar þú lest þessa bók eða annað efni um Íslam. Ég bið Guð að opna hjarta þeirra svo að þeir geti tekið á móti sannleikanum, og sýnt þeim rétta veginn og gefið þeim innblástur að fylgja þeim vegi.

[5] ”*Dîn*” er Arabaískt orð og er þýtt sem ”trú” og er skilgreint á Arabísku sem lífsstíll, í opinberu og óopinberu lífi, og er hugtak sem innifelur í sér dýrkun, tilbeiðslu, pólitík, hreinlæti og spurningar um siðferði og etík.

## 2. Hver er Sendiboðinn (ﷺ) ?

Hann er Abul-Quasim (faðir al-Qasim) Múhammeð, sonur Abdullah, sem er sonur Abdul-Mutalib. Blóðlína hans nær aftur til ættbálks Adnan. En Adnan var sonur  Ísmael, sem var spámaður Guð og sonur Abrahams (  megi Guð varðveita þá alla ). Móðir hans var Aminah, sem var dóttir Wahbs:

Spámaðurinn(ﷺ) sagði:

Sannarlega útvaldi Guð ættbálk Kinanah á  meðal ættingja Ísamel, Hann valdi Quraish á meðal ættingja Kinanah, Hann útvaldi Banu Hasim frá Quraish ættbálknum, og hann útvaldi mig frá Banu Hasim. (Muslim #2276)

Spámaðurinn (ﷺ) átti sannarlega góða forfeður, nokkuð sem svarnir óvinir hans báru vitneskju um. Sem dæmi viðurkenndu óvinir hans er þeir báru vitni frammi fyrir Austur-Rómaveldi Keisaranum Herakleios [6] og var Abu Sufyan þar á meðal áður en hann gerðist Múslími.

Frændi spámannsins Abdulla b. Abbas sagði að Sendiboði Guðs ( ﷺ ) hafi skrifað bréf til Herakleios  Keisara Austurrómverka ríkisins og gefið honum í því formlegt boð

[6]Austur-rómverska ríkið og keisari þess (610-641) sem sigraði Sýrland, Palestínu og Egyptaland frá Persíu (613-628).

um að taka við Íslam. Bréfinu var komið áleiðis af Dihya al-Kalbi sem var fylgisveinn Spámannsins (ﷺ) og gaf bréfið til herforingjans í Busra (sem er borg í Jórdaníu) sem tók á móti bréfinu og færði það Hera-kleios.

Til að sýna þakklæti sitt, gekk Herakleios frá Hims til Ilya (nú Jerúsalem) en Guð hafði veitt honum sigur gegn Persum.Þegar hann fékk bréfið frá Sendiboða Guðs (ﷺ) í hendurnar sagði hann eftir að hann hafði (lesið) bréfið: „Finnið einhvern fyrir mig sem er af hans fólki komið (Arabar úr Quraish ættbálknum), það er kannski einhver staddur hér sem þekkir til hans sem getur sagt okkur um Sendiboða Guðs (ﷺ)!”. Abu Sufyan bin Harb var þá staddur í Shâm (Sýrlandi)[7] með nokkrum öðrum mönnum úr Quraish ættbálknum, sem höfðu komið til Sýrlands í skugga vopnahlés sem ríki (ríkti) milli Sendiboða Guðs (ﷺ) og heiðingjanna í Quraish. Abu Sufyan sagði:

Sendiboði keisarans var staddur einhverstaðar í Sýrlandi, og leiddi mig og félaga mína til Ilya þar sem við fengum áheyrn frá Keisaranum. Með kórónu og umkringdur austurrómverskum ráðgjöfum og tignarfólki í konungsgarði sínum, sagði Keisarinn við túlk sinn: „Spurðu hver þeirra standi næst þeim sem kallar sig spámann..”

[7]Sögulegt svæði á miðausturlöndum sem hefur landamæri við miðjarðarhafið sem í dag eru Sýrland, Líbanon, Palestína og Jórdanía.

Abu Sufyan sagði:

Ég svaraði: „Ég er sá sem stendur Spámanninum næst.” Hann spurði: „Hvernig eruð þið tengdir?” Ég svaraði: „Hann er frændi minn,” svaraði ég, og það fannst enginn frá ættbálk Abd Manafs í samfylgd kaupmannanna. Herakleios sagði: „Leyfið þessum manni að koma nær.” Hann gaf síðan skipun um að félagar mínir ættu að stilla sér upp fyrir aftan mig, síðan sagði keisarinn við túlkinn sinn: „Segið félögum þessa manns að ég muni spyrja manninn fyrir framan þá um þann sem kallar sig spámaður og ef hann lýgur þá eiga þeir að andmæla því sem hann segir.”

Abu Sufyan hélt áfram:

Ég sver við Guð, að hefði það ekki verið fyrir skömmina að vera stimplaður sem lygari af félögum mínum hafði ég logið fyrir framan keisarann. En ég sá fyrir að ef ég hefði logið hefði ég verið til skammar félögum mínum og varð hræddur um að þeir myndu síðar líta niður á mig og kalla mig lygara, þannig að ég valdi að segja sannleikann.

Keisarinn ávarpaði túlk sinn: „Spurðu hann um hvernig fjölskyldu Spámaðurinn (ﷺ) tilheyrir.” Ég svaraði: „ Spámaðurinn (ﷺ) tilheyrir virtri fjölskyldu.” Hann sagði: „Hefur nokkur annar af ykkur sagt fólki til á sama hátt og hann?” Ég svaraði: „Nei.” Hann sagði: „Hafið þið nokkuð sinn sakað hann um að fara með ljúg vitni áður en hann fór

að segja fólki til, til þeirra sem hann hefur sagt til?” Ég svaraði: „Nei.” Hann sagði: „Var einhver af forfeðrum hans konungur?” Ég svaraði: „Nei” Hann sagði: „ Eru það frægir einstaklingar eða fátæklingar sem fylgja honum?” Ég svaraði: „Það eru hinir fátæku sem fylgja honum.” Hann sagði: „Eykst eða minnkar fjöldi þeirra  degi til dags” Ég sagði :„Hann eykst.” Hann sagði: „Er nokkur af þeim sem tekur á móti boðskap hans síðar ósáttur með þann boðskap og yfirgefur hann?” Ég sagði: „Nei.” Hann sagði: „Brýtur hann loforð sín?” Ég svarað: „Nei, en eins og er erum við í vopnahléi og við erum hræddir um að hann ætli að blekkja okkur.”

Abu Sufyan bætti við:

Að þessu sögðu hafði ég enginn önnur mótrök.

Herakleios spurði síðan: „Hafði þið nokkurn tímann háð stríð á móti honum?” Ég svaraði: „Já.” Hann sagði: „ Hver var útkoma þeirra bardaga?” Ég svaraði: „Stundum vann hann, stundum unnum við.” Hann sagði: „Hvað segir hann ykkur að gera?” Ég svaraði „Hann segir okkur að dýrka Guð einn, og dýrka ekki neitt við hlið Guðs, og að yfirgefa alla þá villutrú sem forfeður okkar tilbiðu. Hann biður okkur um að biðja, að gefa ölmusu , vera látlaus, að halda loforð okkar og að halda því leyndu eða skila því sem okkur hefur verið treyst fyrir.”

Þá er ég hafði sagt þetta þá sagði Herakleios við túlk sinn: „Segðu honum: Ég spurði þig um forfeður hans og þú svaraðir að hann kæmi af virðulegri fjölskyldu. Það er þekkt staðreynd að allir Sendiboðar hafa komið frá þekkustu fjölskyldum fólksins sem þau Sendiboð hafa verið meðal. Ég spurði þig síðan hvort aðrir hefðu komið með sama tilkall og hann og þú svaraðir neitandi. Hafði svarið verið játandi þá hefði ég trúað því að þessi maður fylgi máli sem einhver annar hefði flutt á (undan) honum. Þegar ég spurði þig um hvort að hann hefði nokkurn tímann verið sakaður um að hafa logið þá svaraðir þú neitandi, og ég sé það sem gefið að persóna sem lýgur ekki um mannfólkið getur ekki logið um Guð. Síðan spurði ég þig hvort nokkrir (einhverjir) af forfeðrum hans væru kóngar og þitt svar var neitandi. Hafði svarið verið játandi hefði ég trúað að þessi maður vildi vinna aftur til baka tapað konungsríki forfeðra sinna. Þegar ég spurði þig um hvort það væru ríkir eða fátækir sem fylgdu honum þá svaraðir þú að það væru fátækir sem fylgdu honum. Það er staðreynd að það er eru hinir fátæku sem fylgja Sendiboðunum. Síðan spurði ég þig um hvort stærð þeirra færu aukandi eða minnandi, og þú svaraðir að stærð þeirra eykst . Það er staðreynd að afleiðing sannar trúar er að stærð fylgjenda eykst þangað til að hún er algjör. Ég spurði þig um hvort að einhver sem hafði tekið á móti þessari trú hafi síðar orðið ósáttur við trúna og afsalað sér henni, og svarið var nei. Ég spurði þig síðan hvort að hann hefði nokkurn tímann brotið loforð. Þú svaraðir neitandi. Svona eru Sendiboðarnir þeir brjóta aldrei loforð sín. Þegar ég spurði þig hvernig útkoma styrjalda ykkar var á móti honum, og þú svaraðir að

stundum hefði hann unnið og stundum þú. Sannarlega er það svo að Sendiboðar fái þrælraunir og þrautir en lokasigurinn er alltaf þeirra. Síðan spurði ég þig hvað hann skipaði ykkur að gera. Þú svaraðir að hann gaf skipanir um að það ætti að dýrka Guð einan og ekki dýrka neitt við hlið hans, að yfirgefa tilbeiðslu forfeðranna, að biðja, að segja sannleikann, vera látlausir, að halda loforð sín og að skila því sem þeir hafi varðveitt eða geymt fyrir einhvern. Þetta eru sannarlega eiginleikar Spámanns sem vitað er að myndi koma til mannfólksins, hinsvegar vissi ég ekki að hann kæmi af ykkar fólki (Aröbunum). Ef það sem þú hefur sagt hér er satt mun hann innan skamms leggja jörðina sem ég stend á undir sig, og ef að ég vissi að ég myndi fá að hitta hann, mundi ég fara til fundar við hann, og ef að ég fengi tækifæri til að vera með honum þá myndi ég sannarlega þvo fætur hans.”

Abu Sufyan sagði síðan:

Keisarinn bað síðan um bréfið sem Sendiboði Guðs (ﷺ) hafði sent og það var lesið upp. Þar stóð:

Í nafni Guðs, hins miskunnarsama, hins náðuga. Frá Múhammeð (ﷺ), þjónn, þræll og Sendiboði Guðs (ﷺ) , til Herakleios, herforingja Austurrómar veldis. Ég býð þér til Íslam (Að þú undirgefir þig vilja Guðs). Taktu á móti Íslam og þú munt vera óhultur, taktu á móti Íslam og Guð mun senda þér tvöfalda umbun. En ef þú neitar þessu boði, munt þú vera ábyrgur fyrir því að leiða fólk þitt í villugötur.

(*Segðu: „Fylgjandi eldri opinberanna! Leyfðu okkur að safnast saman við eina reglu, sem er sameiginleg bæði fyrir okkur og fyrir þig – að við lofum því að dýrka engan nema Guð og Guð einan og setjum ekki neitt við hlið Guðs og ekki að viðurkenna annað mannfólk sem verndara okkar í stað þess að leita verndar hjá Guði.” Og segðu, ef fólkið snýr bökum í þig: „Vitnaðu þá að það eru sannarlega við sem höfum gengið Guð á hönd.”*)

*Segðu: „Ó þér sem eigið Ritninguna, semjið með oss þá sátt, að við engan annan dýrkum en Guð, að við jöfnum engum til Hans, og að enginn af okkur taki sér aðra guði en Guð.” Hverfi þeir frá, þá seg þú „ Verið vottar þess að við höfum gengið Guð á hönd (við erum Múslímar)* (Kóran, 3:64)[8]

Abu Sufyan hélt áfram:

Þegar Herakleios hafði lokið ræðu sinni byrjaði tignarfólkið í kringum hann að rífast, og það var svo óskýrt að ég skildi ekki orð af því sem fólkið sagði. En okkur var síðan skipað að yfirgefa konungsgarðinn.

[8]Allar þýðingar yfir á Íslensku eru byggð á Sænskri þýðingu af Kóraninnum eða önnur útgáfa af eftir Muhammad Knut Bernström
*Koranens Budskap*, Stokkhólmi 2002, þar sem ekki er til nothæf Íslensk túlkun á Kóraninum til þessa dags, verk Bernströms inniheldur einnig mikið af kommentum sem gefa innsýn inní túlkun hans á Kóraninum.

Þegar ég hafði farið út í samfloti með félögum mínum og við vorum einir þá sagði ég við félaga mína: „Sannarlega hafa samskipti Spámannsins fært með sér vald því að nú hræðist herforingi Austur-rómverja hann."

Abu Sufyan sagði:

Ég varð meir og meir viss um tilvist Guðs og meira viss um að hans trú mundi sigra að lokum, og að á endanum myndi ég taka á móti Íslam. (Bukhari, #2782)

### 3. Fæðing, Barnæska og Boðorð

Spámaðurinn (ﷺ) fæddist árið571 e.Kr. og fæddist inni í Quraish ættbálkinn ættbálkinum (sem var einn sá virtasti ættbálkurinn hjá Aröbum á þessum tíma). Spámaðurinn (ﷺ) fæddist í Mekka sem er var viðskipta og trúarleg höfuðborg Arabíuskagans. Arabarnir gerðu pílagrímaferðir til Mekka og gengu hringi í kringum Ka'bah, sem var bygging sem forfaðir þeirra Abraham og sonur hans Ísamel (má Guð velsigna þá báða), byggðu sem fyrsta húsið sem var hugsað sem bænahús til Guðs.

Spámaðurinn (ﷺ) var munaðarlaus. Faðir hans dó áður en hann fæddist og móðir hans dó þegar hann var aðeins sex ára gamall. Hann var síðar ættleiddur af afa sínum Abdul-Mutalib, og þegar hann dó þá tók föður bróðir hans Abu Talib við föður hlutverkinu. Quraish ættbálkurinn og aðrir ættbálkar á Arabíuskaganum dýrkuðu á þessum tíma skurðtákn sem voru skorin og höggvin í stein, tré og gerð af gulli og var hluti af þessu stillt árlega upp kringum um Ka'bah. Fólkið trúði því að skurðgoðin gætu tekið burt óheppni og fært heppni og velferð til þeirra.

Áður en Múhammeð (ﷺ) var valinn af Guði til að lifa sem spámaður var hann þekktur sem maður sem hægt var að treysta á og þar sem hann hafði aldrei logið eða brugðist nokkrum var

hann uppnefndur af fólkinu í kringum hann sem *al-Amîn* – sá sem hægt er að treysta á. Fólkið í kringum hann treysti honum fyrir verðmætum sínum þegar það fór út og (ferðist ferðaðist og) í innkaupaferðir. Hann var einnig þekktur undir nafrni *as-Sadiq* – sá sem alltaf segir sannleikann – vegna þess að hann laug aldrei. Hann var vel uppalinn, umhyggjusamur og hann var alltaf tilbúinn að hjálpa fólki sem var í nauð. Fólkið hans elskaði hann og prísaði honum og hyllti honum fyrir góða manngerð hans og góðar gjörðir hans. Guð, hinn Hinn Almáttugi segir:

( *Líf þitt og gjörðir eru lýsandi [dæmi]*
*Því að þú ert göfugur að eðlisfari* )
(Kóran, 68:4)

Í bók sinni *Heros, Hero-Worship and the Heroic in History* skrifar hinn þekkti skoski sagnfræðingurinn og skrifbeinið Thomas Carlyle

> Snemma að árum hafði hann verið umtalaður sem traustsamur einstaklingur. Fylgjendur hans kölluðu hann „*al-Amin*, sá sem er treystandi”. Hann var maður sem hélt við sannleikann og var traustsins verður; sannur í því sem hann gerði í því sem hann hugsaði. Þeir sögðu frekar að hann hafði alltaf ástæðu fyrir öllu því sem hann sagði. Hann var hljóðlátur og fáorðaður maður sem var hljóður þegar ekkert

var hægt að segja, en þegar hann talaði þá var hann klókur og orð hans báru með sér merkingu, hann hélt sér alltaf við umræðuefnið og kastaði nýju ljósi á það sem hann ræddi um. Svona ræðusemi og ráðhyggja við notkun talmáls er sú eina sem er þess virði að nota! Í gegnum allt líf sitt var hann orðaður við að vera traustsins verður, bróðursamur og heiðarlegur maður. Hann hafði alvarlegan og innarlega mannlega eiginleika, en var jafnfram vinalegur, hjartsamur og félagssamur félagslegur, og fannst einnig gaman að grínast og (hann hafði gaman af því) að hlægja. Það eru til menn sem þegar þeir hlægja þá er hlátur þeirra eins falskur og allt annað hjá þeim sem ekki geta helgið. Hann var sjálfsprottinn og ástríðufullur maður sem var jafnfram réttlátur og góðlátur maður! Hann var fullur af atorku, eldorku og ljósi, óhefðbundinn og lifði sínu eigin lífi á sínum eigin forsendum – djúpt inní hjarta eyðimerkurinnar.

Hann (ﷺ)laug aldrei, hann notaði aldrei vímu, framkallandi efni, hann lyfti aldrei höfðinu fyrir framan styttu af hjáguði eða svar við þessa fals guði eða gerði fórn til þeirra. Á hans tíma vann hann sem fjárhirðir og gætti kinda sem voru í eigu ættingja hans.

Spámaðurinn (ﷺ) sagði: „Hver einasti Spámaður útsendur af Guði var eitt sinn fjárhirðir.” Fylgisveinn hans spurði: „Einnig þig, Sendiboð Guðs?” Hann sagði: „Já, ég vann sem

fjárhirðir og gætti kinda sem voru í eigu fólksins í Mekka." (Bukhari #2143)[9]

Hann (ﷺ) átti það til að leita skjóls í helli sem nefnist Hira áður en hann var valinn sem Spámaður og var hann þar oft dögum saman. Þegar hann var fjörtíu ára gamall, byrjaði hann að fá vitranir í þessum helli, það var A'ishah,[10] má Guð vera sáttur með hana, sem skrifaði:

> Það fyrsta sem Sendiboði Guðs (ﷺ) tók á móti í hellinum Hira voru góðar sýnir (sem voru opinberaðar í draumum). Í hvern sinn sem hann dreymdi var draumurinn það skýr að hann var eins og það væri raunveruleikinn, eins og í ljósaskiptunum. Smá saman fór Sendiboði Guðs (ﷺ) að þykkja vænt um einveru sýna í hellinum. Og varði oft mörgum dögum og nóttu einsamall í hellinum í margar vikur áður en hann snéri aftur heim til fjölskyldu sinnar. Og tók hann þá með sér vistir og kost í nægilegri magni til dvalarinnar. Og þegar hann snéri heim aftur til fyrstu frúar sinnar Khadijah,[11] má Allah vera ánægður með hana, fékk hann nýjan skammt af lífsnauðsynjum og tók með sér í hellinn til að halda áfram íhugun sinni.

---

[9]Vísdómurinn bak við þetta er að það er undirbúningur fyrir að sjá um mannfólkið að sjá umdýr, og að vera fjár hirðir og gæta kinda og geita gerir hjartað milt en að gæta hesta eða úlfalda.

[10] Ein af eiginkonum Spámannsins.

[11]Khadijah var fyrsta eiginkona Spámannsins.

Einn dag er Múhammeð (ﷺ) var í helli Hira kom engillinn Gabríel til hans og skipaði honum að lesa. Múhammeð (ﷺ) svaraði: „En ég kann ekki að lesa!” Gabríel faðmaði Múhammeð (ﷺ) svo fast að hann gat ekki andað, og sleppti honum síðan og sagði: „Ó Múhammeð (ﷺ)! Lestu!” Eitt skipti svaraði Múhammeð (ﷺ): „Ég kann ekki að lesa.” Gabríel faðmaði Múhammeð (ﷺ) í annað skiptið og skipaði honum í þriðja skiptið að lesa. Þegar hann gerði það ekki þá faðmaði Gabríel hann aftur svo fast að hann gat ekki andað og sagði síðan: „Ó Múhammeð (ﷺ)!

(*Lestu! Í herra þíns nafni, hann sem hefur skapað, skapað manneskjuna úr dropa af blóði. Lestu! Drottinn þinn er örlátastur allra.*) (Kóran 96:1-3)

Sendiboði Guðs (ﷺ) snéri aftur heim og skalf af hræðslu. Hann gekk inn í heimili sitt og sagði til Khadijah: „Settu teppi yfir mig... settu teppi yfir mig.” Khadijah setti teppi yfir Spámanninn allan þar til að honum leið betra. Hann sagði henni þá hvað hafði átt sér stað í helli Hira (kannski sleppa s alltaf). Hann sagði: „Ég var svo hræddur um mig sjálfan og velferð mína.” Khadijah róaði hann niður og sagði:

Ég sver við Guð! Þú þarft ekki að óróa þig, því að Guð hinn Almáttugi myndi aldrei gera þér nokkuð mein! Þú kemur vel fram við ættingja þína, þú hjálpar þeim fátæku og þeim er sem þurfandi, og þú ert gjafmildur og háttvís mót gestum þínum og þú hjálpar bágstöddum.

Khadijah færði maka sinn Múhammeð (ﷺ) til eins af frændum sínum sem hét Waraqah bin Nawfal bin Assad bin Abdul Uzza sem var kristinn og hafði tekið kristni fyrir tíð Íslam (sem var seinna kallað tími vanþekkingarinnar). Waraqah var þaul lærður í hebreskum ritum en hafði í elli sinni misst sjónina. Khadijah sagði við frænda sinn : „Kæri frændi, hlustaðu á það sem frændi þinn (Múhammeð ) hefur að segja þér." Waraqah sagði: „Hvað hefurðu séð kæri frændi?" Sendiboði Guðs (ﷺ) sagði honum hvað hann hefði séð í Hira hellinum. Þegar Waraqah heyrði þetta sagði hann. „Við Guð! Þetta hlýtur að hafa verið engillinn Gabríel sem kom til spámannsins Móses, má Guð velsigna hann. Ég myndi óska þess að ég væri ennþá lifandi þegar ættingjar þínir henda þér út úr Mekka!" Sendiboði Guðs (ﷺ) var undrandi „Mun þetta fólk henda mér út úr Mekka?" Waraqah staðfesti þetta með því að segja eftirfarandi: „Aldrei hefur nokkur maður miðlað þeim Boðskap sem er í nokkurri líkingu við þann boðskap sem þú munt færa án þess að fólkið hans hafi háð stríð á móti honum – en ef ég verð vitni að þetta fólk ofsækir þig þá mun ég styðja baki við þig."

Waraqah ferðaðist í burtu í stuttan tíma eftir þennan fund og vitranirnar komu ekki til baka í stuttan tíma eftir að þessi fundur átti sér stað. (Bukhari, #3)

Þessi kafli úr Kóraninum sem vitnað var í hadítinu[12] markar upphaf Spámanns tíð Spámannsins, Guð hinn allmáttugi vitraði fyrir honum:

(*Þú sem einangrar þig [frá öðru fólki]! Stattu upp og varaðu fólk við! Og lýstu aðdáun þinni á herraveldi mínu! Og hreinsaðu hjarta þitt!*
*Þú sem ert sveipaður kápu þinni!rístu upp og varaðu við. Lofaðu Drottin þinn og hreinsaðu klæðin þín,*) (Kóran 74:1-4)

Eftir að þessi vitrun kom til Spámannsins byrjaði Spámaðurinn (ﷺ) opinberlega að kalla íbúa Mekka til Íslam. Hann byrjaði að kalla ættingja sína til Íslam og ættbálk sinn. Þar sem hann kallaði þá til einhver sem þeir höfðu aldrei heyrt talað um áður og kom á móti dýrkun hjáguða forfeðra þeirra sem hafði verið viðvarandi í margar kynslóðir, þá voru flestir þeirra í byrjun hikandi að hlusta á hann og kusu fremur að fylgja hefð forfeðra sinna.

[12]Haditherna är återgivningar av Profetens yttranden, handlingar, tysta samtycke eller kännetecken. Vetenskapen om hadith utvecklades för att historiskt belägga äktheten hos vissa återgivningar som förmedlats via en obruten kedja av oförvitliga återberättare, som kan spåras tillbaka till Profeten själv och som står i motsats till osäkra återgivningar eller fabricerade lögner.

Íslam er fullkomið lífsmunstur sem tekur að sér alla trúarlega, pólitíska, viðskiptalegu og samfélagslega þætti samfélagsins. Það er einnig svo að Íslam snýst ekki bara um að kalla mannfólkið til að tilbiðja Guð einn og yfirgefa alla skurðgoða og hjáguða dýrkun, heldur eru einnig forboðnir hlutir bannaðir svo sem vextir, vímuefni, að drýgja hór og fjárhættuspil. Múhammeð (ﷺ) kallaði mannfólkið til að vera réttlátt og lét það vita að það væri jafnrétti á milli þeirra og það eina sem skildi það frá hvoru öðru væri magn Guðs óttans hjá hverjum einstaklingi. Þetta gerði marga reiða, hvernig ætti Quraish, besti ættbálkurinn á öllum Arabíu skaganum að samþykkja að hafa sömu samfélagsstöðu og mannvirðingu og þrælarnir. Það er ekki nóg með að þeir neituðu að taka á móti Íslam heldur eltu þeir líka Múhammeð (ﷺ), og reyndu í hvert skipti sem hann talaði að láta áheyrendurnir halda að hann væri ótrúverður, galdramaður og lygari. Þeir sökuðu hann um hluti sem þeir höfðu aldrei sakað hann um áður en hann fór að kalla fólk til Íslam. Þeir æstu upp almúgann og ýfðu upp til að meiða hann, kúga hann og pynta fylgjendur hans.

Abdullah b. Masûd, einn af fylgisveinum Spámannsins sagði:

> Þegar Spámaðurinn (ﷺ) stóð upp og leiddu bæn nærri Ka'bah sagði hópur manna úr Quraish sem sat þar: „Sjáið þið þennan mann? Hver býður sig fram við að ná í skítugustu og blóðugustu innyflin úr úlfalda og leggja þau síðan við hlið axla hans meðan hann leggur sig á grúfu og biður. Sá sem hataði Spámanninn mest meðal þeirra bauð sig fram og þegar Spámaðurinn (ﷺ) lagði sig á grúfu þá kom maðurinn fram og

lagði innyflin við  æxlir hans. Spámaðurinn  (ﷺ) reis sig ekki upp og hélt áfram að biðja og þeir hlógu svo harkalega að þeir voru næstum því búnir að detta um koll. Einhver fann Fatimu sem var þá ung stelpa og sagði henni hvað hefði skeð. Hún var nærri og dreif sig til Spámannsins sem var þá ennþá á grúfu  tilbiðjandi og fjarlægði innyflin sem héngu yfir háls og fram á axlir hans. Síðan snéri hún sér að þeim úr Quraish sem höfðu gert þetta og formælti þeim. (Bukhari, #498)

Munîb al-Azdi, einn af fylgjendum Spámannsins, sagði:

Ég sá sendiboða á dögum vanþekkingarinnar og sagði  hann við fólk: „Segið að það finnst ekki nokkur guðdómur sem er vert að dýrka fyrir utan Guð, og þannig náið þig velgengi.” Það var til fólk sem spýtti í andlitið á honum eða kastaði mold  á hann, og það fannst fólk sem bölvaði honum dag og nætur. Þegar ein ung stelpa kom með fat af  vatni og þvoði andlit hans snéri hann sér að henni og sagði: „Kæra dóttir óttastu ekki að faðir þinn verði nokkurn tímann niðurlægður eða búi við örbirgð.” (Mu’jam al-Kabîr, #805)

Abdullah b. Amr al-Âs, einn af fylgjendum Spámannsins, var eitt sinn spurður um hluta af því vonda sem heiðingjarnir og barbararnir hefðu gert Spámanninum  fyrr á tímum hann sagði:

> [Eitt sinn] gekk heiðingi fram til Spámannsins þegar hann bað í nálægð Ka'bah, tók í armkraga Spámannsins og tók hann kverktaki. Abu Bakr[13] hljóp á staðinn og greip í axlir ofbeldismannsins og sleit hann frá Spámanninum og ýtti honum í burtu og sagði: „Viltu drepa mann bara út af því að hann viðurkennir að Guð sé Drottinn sinn, og fyrir það eina að hann gefur þér hrein skilaboð sem hafa verið send til þín frá Drottni þínum?" (Bukhari, #3643)

Svona atvik héldu ekki Spámanninum frá því að kalla til Íslam og hann hélt áfram að predika boðskap sinn til þeirra ættbálka sem komu til Mekka til að gera *hajj*[14]. Einn hópur frá Yathrib, litlum bæ norður um Mekka sem í dag heitir Medína, trúði honum og gaf honum loforð um hjálp og stuðning ef hann kysi að flytjast frá Mekka. Hann sendi fylgisvein sinn Mus'ab b. Umair með til að kenna þeim grunnkenningar Íslam. Eftir alla þá undirokun sem Múslímarnir hefðu orðið fyrir frá sínu eigin fólki í Mekka gaf Guð þeim leyfi til að flytja til Medína og varð Medína höfuðborg Íslamska ríkisins og þaðan breiddist Íslam út vítt og breitt.

Spámaðurinn (ﷺ) settist að þar og stundaði boðorð Guðs og kenndi íbúum Medína upplestur á Kóraninum. Þeir elskuðu hann meira en þeir elsku sig sjálfa, og fóru langar leiðir bara til að þjóna honum og notuðu allar veraldalegar eigur sínar til að breiða út Íslam og þjóna Guði. Samfélagið óx fljótt og varð

[13] Profetens närmaste Följeslagare och den förste kalifen efter hans död.
[14] Pilgrimsferðin (Velferðin) til Mekka.

mjög trúríkt og trúfast samfélag og hamingja íbúa Medína sýndi sig í samheldni íbúanna, samvinnu nágranna, kærleika og bræðraskap. Ríkir og fátækir, svartir og hvítir, Arabar og ekki arabar voru sem eitt og voru jafnir undir Guði og bræður í trú Guðs. Ekki var gert á milli þeirra nema í guðhræðslu.

Þegar Quraish ættbálkurinn fékk vitneskju um hvernig kall Spámannsins hefði breiðst urðu þeir ennþá meir staðráðnir að kæfa niður kallið og vildu koma í veg fyrir frekari útbreiðslu . Þeir börðust á móti honum í fyrsta bardaga í sögu Íslams, sem var orrustan við Badr, og þó að Quraish hefði meira af mönnum og vopnum þá voru þeir sigraðir. Fjöldi Múslíma í bardaganum var aðeins 314 manns á meðan her heiðingjanna var 1000 manns að stærð. Samt gaf Guð sigurinn til Spámannsins og fylgjenda hans, og eftir að átta ár hefðu liðið gat Spámaðurinn (ﷺ) stillt upp 10.000 manna sterku liði sem gerði innrás inn í Mekka. Spámaðurinn (ﷺ) sigraði það fólk sem hafði skaðað og pyntað hann og fylgisveina hans af mikilli grimmd. Þó, var hann mjög örlátur á sigurstund. Árið fyrir þennan afgerandi sigur kallaði hann þetta ár „Ár Sigursins”. Guð, hinn Almáttugi sagði:

(*Þegar hjálp Allah berst og kemur með sigur, og þú serð menn í flokkum taka trú Allah, þá lofa þú Drottin þinn og bið Hann fyrirgefningar, því Hann tekur jafnan á móti iðrun og fyrirgefningum*)

(Kóran, 110:1-3)

Eftir innrásina safnaði Spámaðurinn (ﷺ) fólki Mekka saman og sagði þeim :

> „Hvað haldið þið að ég muni gera við ykkur nú? Fólkið svaraði : „Þú munt bara gera eitthvað gott; þú ert sannarlega góður og göfuglyndur bróðir, og góður og göfuglyndur frændi!” Spámaðurinn (ﷺ) sagði: „Farið – því þið eruð frjáls.” (Baihaqi #18055)

Þessi örláta sakaruppgjöf og náðun var megin ástæða fyrir því að fólk tók trúna Íslam.. Spámaðurinn (ﷺ) snéri síðan aftur til Medína. Eftir ákveðinn tíma hafði hann í hyggju að gera *hajj* og lagði af stað til Mekka með 114 000 fylgjendur. Þessi *hajj* er þekkt sem *Hajjatul-wa'dâ* (kveðju pílagrímsferðin) þar sem Spámaðurinn (ﷺ) fór ekki í aðra *hajj* eftir þessa heldur lést stuttu eftir að henni var lokið.

Þann níunda dhul-hijjah á fjallinu Arafat hélt Spámaðurinn (ﷺ) sína loka predikun. Eftir að hann hafi lofsungið Guð sagði hann:

> Mannfólk! Heyrði á mig af athygli, þar sem ég veit ekki hvort að ég muni vera á meðal ykkar miklu lengur! Hlustið á mig það sem ég segi varlega og segið þeim sem komust ekki hingað í dag.
>
> Mannfólk! Á sama hátt og þið upplifið þennan mánuð, þennan dag og þennan stað sem heilagan , eigið þið einnig að

upplifa líf hvers Múslíma og eignir sem heilagt. Skilið því sem ykkur er treyst fyrir til réttmæts eiganda. Og gerið engum mein því þá mun enginn gera ykkur mein . Munið að þið munuð einn dag hitta Herra ykkar og hann sannlega mun dæma ykkur eftir  gjörðum ykkar. Guð hefur bannað ykkur að taka vexti. Og því eru allar skuldir með vöxtum hér og með afskrifaðar. Og er fjármagn ykkar að viðhalda. Þið munuð hvorki verða fyrir óréttlæti né valda óréttæti meðal ykkar. Varist Satan fyrir velferð trúarinnar. Satan hefur misst alla von um að gera leitt ykkur í villu þegar það kemur til stórra spurninga, en varist að fylgja honum þegar það kemur til minni spurninga.

Mannfólk! Það er satt að þið menn hafið ákveðin réttindi gangvart konum, en þær hafa einnig réttindi gagnvart ykkur. Munið að það er aðeins með guðhræðslu og með leyfi Guðs sem þið hafið fengið að giftast þeim sem eiginkonum. Ef þær spyrja  ykkur um rétt sinn, hugið þá að þeim af umhyggju og sinnið öllum þörfum þeirra og óskum. Hugsið vel um konur ykkar og sýnið þeim umhyggju og hlúið vel að þeim, því þær eru sambýliskonur ykkar, samstarfsfélagar og lífsförunautar. Og það er ykkar ábyrgð að hún sé ekki í slæmu föruneyti og að hún sé látlaus.

Mannfólk! Hlustið á mig og takið mig alvaralega, tilbiðjið Guð, biðjið fimm daglegar bænir, fastið undir ramadan mánuði, gefið ölmusugjafir og framkvæmið pílagrímsferðina

(*hajj*) ef þið hafið efni á henni. Mannfólkið er af Adam og Adam var skapaður af leiri. Arabi er ekki betri en sá sem ekki er Arabi, og hvítur maður er ekki betri en svartur og svartur er ekki betri en hvítur, nema í Guðs ótta. Vitið það að hver einasti Múslími er bróðir allra annarra Múslíma og að Múslímarnir eru einn félagsskapur. Einhver hlutur sem ekki er eign einhvers annars er leyft að taka eða gefa svo lengi að það sé gefið eða tekið með frjálsum og fúsum vilja. Fremjið engin ódæði og gerið engum illt.

Minnist þess dags þegar þið munið standa fram fyrir Guð og svara fyrir gjörðir ykkar. Varið því ykkur! Bregðið ykkur því ekki út af vegi réttlætisins eftir að ég er ekki lengur meðal ykkar. Mannfólk! Enginn Spámaður og ekkert boð mun koma eftir mig og engin ný trú mun verða. Mannfólk hugsið því rökrétt! Og skiljið þau orð sem ég hef miðlað til ykkar. Ég skil eftir mig tvo hluti – þar er að segja bók Guðs (Kóran) og mín Sunnah – ef þið fylgið þessum tveimur hlutum munið þið aldrei fara villuvegar. Allir sem hlusta eiga að færa boðskap minn til annarra, sem eiga þar á eftir að færa boðaskap sinn til annarra, og má sá síðasti sem heyrir boðskap minn skilja hann betur en sá sem heyrði hann fyrst. Vertu vitni mitt, ó Guð, að ég hafi miðlað boðskap þínum til fólks þíns.

Spámaðurinn (ﷺ) dó í Medína, af nokkrum heimildum að dæma þann tólfta rabi al-awal (Rabi Athani??) árið 11 A.H, og var hann grafinn í Medína á þeim stað sem hann dó.

Múslímarnir voru (shocked) þegar þeir fréttu af dauða hans. Sumir fylgisveinanna trúðu ekki því ekki!. Umar vissi ekki sitt rjúkandi ráð og var svo sorgbitinn að hann sagði: „Sá sem segir að Spámaðurinn Múhammeð (ﷺ) sé dauður þá mun ég hálshöggva hann!” Abu Bakr snéri sér síðan til Múslímanna og las Guðs orð:

(*Múhammeð* (ﷺ) *er ekkert nema sendiboði sendur til ykkar og [önnur] sendiboð hafa komið og farið* fyrir *hans tíð. Ef hann deyr eða fellur í stríð, munið þið þá snúa baki í sendiboð hans? Sá sem snýr baki í Guð gerir Guð engan skaða. En Guð mun launa þeim sem sýna þakklæti.*

*Múhammeð er ekki nema sendiboði. Margur sendiboði hefur horfið á brott á undan honum. Ef hann andast eða er veginn, hvort munið þið þá snúa baki ? Sá sem í Guð vinnur Allah ekkert mein. En Allah mun launa hinum þakklátu*) (Kóran, 3:144)

Þegar Umar heyrði þetta vers hætti hann reiðikasti sínu, þar sem hann var mjög nærgætinn og guðhræddur, og reyndi eftir bestu getu að fylgja boðum og bönnum Guðs og reyndi af mestu að forðast að brjóta lög Guðs eða fara yfir þau mörk sem Guð hafði sett Múslimunum.

Spámaðurinn (ﷺ) varð sextíu og þriggja ára gamall. Hann var búsettur í Mekka í þau fjörtíu ár áður en hann var skipaður sem Spámaður af Guði. Þar á eftir lifði hann í þrátíu ár í Mekka þar

sem hann kallaði mannfólkið til sannrar eingyðingstrú, . Hann flutti síðan til Medínu þar sem hann bjó í tíu ár, og þar hélt hann áfram reglubundið að taka á móti opinberunum og sýnum frá Guði í gegnum engilinn Gabríel og að kalla til Íslam þar til að Kóraninn og Íslamska trúin var fullkomnuð.

Hinn þekkti leikritahöfundurinn og gagnrýnandinn George Bernard Shaw (d. 1950) skrifaði:

> Persónulega hef ég alltaf haft mikið álit á boðorði Múhameðs vegna krafts þessi sem er ólýsanlegur og einstakur. Íslam er eina trúin sem stendur tímans tönn og á við og snertir alla þætti lífsins – ég hef spáð fyrir um Íslam að einhver muni taka þessa trú á morgun og að margir í Evrópu muni taka á móti þessari trú með opnum örmum. Prestar miðalda formæltu og bölvuðu Íslam og byggðu skoðanir sýnar af vanþekkingu og þröngsýni . Það voru þeir og fordómar sem sáðu fræjum haturs sem gerðu það að verkum að fólk byrjaði að hata Múhammeð (ﷺ) og boðorð hans. Þeir gengu meðal annars svo langt í lygum sínum að kalla Múhammeð (ﷺ) antikrist. Ég hef sjálfur rannsakað um árabil þennan margbrotna og einstaka mann og í mínum augum er hann langt frá því að vera antikristur, ef eitthvað er þá myndi ég frekar vilja kalla hann frelsara mannfólksins.[15]

---

[15]*Encyclopedia of Seerah*, eftir Afzalur Rahman.

## 4. Lýsing á Spámanninum (ﷺ)

Spámaðurinn (ﷺ) var hávaxinn. En merkilega var hann sagður af öðrum vera lengri en aðrir, en í rauninni var hann styttri en margir aðrir – eða þangað til að fólkið dreifði sér frá honum. Húð hans var hvít með rósóttum blæ, húðin var smávegis dauf. Hárið hans var kolsvart og viðamikið og var þó ekki lokkað og féll niður á milli eyrnasenaplana og niður fyrir axlirnar. Spámaðurinn (ﷺ) var kraftlega vaxinn. Hann var breiður yfir hrygginn og axlirnar sem voru innsigli Spámannsins. Hann hafði langa vöðvamikla útlimi, stóra hné og armboga og var kraftlega byggður. Magi hans var lítill og skaust aldrei út fyrir brjóstkassa hans. Andlit hans ljómaði, „eins og sólinn fylgdi braut sinni og lýsti frá andliti hans," eins og einn Fylgisveinn lýsti honum. Háls hans var silfur hvítur, ennið var breytt, augnsteinarnir voru stórir og svartir, augnhárin voru löng og svört, og nefið var beint með litlum nösum?. Á dauða degi hafði Spámaðurinn (ﷺ) nákvæmlega sautján hvít hárstrá milli höfuðhvelanna og hvít hár runnu á enda skeggs hans. Hann hafði hár undir höndunum og á fótunum og þunn rönd af hári náði frá bringunni til naflans.

Spámaðurinn (ﷺ) gekk hröðum skrefum og hallaði sér fram þegar hann gekk, hann vissi alltaf hvert hann væri að fara og lyfti fótunum en gekk stuttum skrefum. Hraði hans var slíkur að fylgjendur hans sem voru í topp formi áttu stundum í miklum erfiðleikum að halda við hann. Þegar hann snéri sér

við þá snéri hann yfirleitt öllum líkamanum, hann gaf fulla athygli til þeirra sem snéru til hans og hlustaði ítarlega á allt sem var sagt við hann. Þegar hann benti þá notaði hann opna hendi til að ekki  móðga neinn. Þegar hann gagnrýndi hegðun einhvers spurði hann almennt, í stað þess að nefna manneskjuna með nafni „Hvers vegna gerir fólk svona?”. Hann hló aldrei svo mikið að aðeins millibilið á milli fram tanna hans varð sýnilegt. Þegar hann var reiður þá roðnaði hann bara í andlitinu og augnbrýnar hans hnykluðust: Við eitt tilfelli sagði hann:

> Ég er einn sá fremsti meðal ættingja Adams og það er ég ekki út af stolti. (Tirmidthi)

Hann var aldrei stoltur og sýndi alltaf auðmýkt og það sýndi sig þegar Spámaðurinn (ﷺ) gekk í gegnum götur Medína og börn léku við hann og héldu í fingur hans. Hann sagði líka:

> Sá sem er ekki miskunnarsamur við yngri kynslóðina og sá sem ekki ber virðingu fyrir hinum eldri, er ekki einn af okkur.
>
> (Abu Dawud)

Gud, sá Almáttugi , sagði:

> (… *Guð hefur sent ykkur áminningu, í mynd Sendiboða sem kemur á framfæri fyrir ykkur klárlegan boðskap til að leiða*

*þann sem trúir og lifir heiðarlega út úr myrkrinu og inn í ljósið.*)

(Kóran, 65:10-11)

Frændi Spámannsins tengdasonur Ali sagði um Múhammeð (ﷺ):

Hann var síðasti af Spámönnum, sá heiðarlegasti, og sá heiðarlegasti, hann var sá fremsti meðal þeirra í skopskyni og var alltaf til staðar þegar þurfti á honum að halda. Sá sem sá hann óvænt fékk um leið mikla virðingu fyrir honum, og þeir sem fylgdu honum og lærði að þekkja hann og elska hann.

Eiginkona Spámannsins A'ishah sagði um eftirfarandi um hjálpsaman maka sinn:

Hann tók alltaf þátt í húsverkum á heimilum og gerði við föt sín, lagaði sína skó og sópaði gólfið. Hann mjólkaði, tjóðraði og fóðraði húsdýrin. (Bukhari)

Hún lýsti honum einnig og manneiginleikum hans með hjálp af Kóraninum:

(*Að sönnu er Sendiboði Allah gott og fagurt fordæmi þeim, sem vonar á Guð, hinn Efsta Dag, og hugsar tíðum til Guðs* .) (Kóran, 33:21)

## 5. Mannasiðir og háttvísi Spámannsins

1.**Skörp greind:** Sendiboðið var mjög gáfaður og enginn önnur manneskja hafði nokkurn tímann verið svo gáfuð og vel gefin eins og hann. Qadhi Iyâdh, [16] má Guð vera miskunnarsamur honum, sagði:

Það er augljóst fyrir þann sem les ævisögu Spámannsins og skilur þá erfiðu stöðu sem hann var í; hann var sparorður og mælti fátt og ummæli hans snertu alla þætti lífsins. Hann hafði góða framkomu, góða manngerð, kom vel fram, siðprýði, kurteisi og hógværð. þekking hans á Tora, þekking hans á guðspjöllunum (Sem Guð opinberaði fyrir honum í Kóraninum); viska hans á sögulegum atburðum og gömlum ríkjum, og samtímis hæfileiki hans að finna efrimyndir í dæmi til að rökstyðja það sem hann sagði og hæfileikinn að geta dæmt að réttvísi og hæfileikinn að geta samið réttvís hegningar lög og að dæma réttvíst í málum. Hann gaf innblástur og var dæmi á bestu manngerð forfeðra sinna og hafði góða manngerð. Hann var fullkomið viðmið sem fólkið hans gat notað til að fá svör við spurningum eins og um þekkingu, iðkun trúarinnar, lyf, erfðarétt, ættfræði og aðra þætti lífsins. Hann hafði þekkingu og vitneskju um alla þessa þætti án þess að þurfa að styðja sig við eldri bækur eða með því að ráðfæra sig við þá lærða menntaða menn.

[16] Mikill fræðimaður og rannsóknarmaður í Íslömskum fræðum sem skrifaði mikið til dæmis æfisögu Spámmannsins..

Spámaðurinn (ﷺ) hafði ekki gengið formlega skólagöngu og var því ekki skólagenginn maður og hafði enga vitneskju um hluti áður en honum var gefið það hlutverk að vera Sendiboði Guðs (ﷺ). Hann gat heldur ekki lesið né skrifað. En hann þó var hann mjög klókur og mannfróður. Hinn Almáttugi Guð, gaf honum þekkingu um það sem var liðið og það sem átti að eiga sér stað í framtíðinni. Allt þetta er bara eitt tákn á almátt Guðs og Hans alvöru yfirráð.[17]

2. **Gerði hluti aðeins fyrir Guð**: Hegðun Spámansins (ﷺ) endurspeglaði alltaf guðhræðslu hans og hógværð. Hann skaðaðist oft líkamlega og hlaut illa meðferð þegar hann bauð fólki til Íslam, en þó var hann alltaf þolinmóður og sýndi biðlund, sýndi durg og vonaðist eftir launum frá Guði. Abdullah b. Masûd sagði:

Spámaðurinn (ﷺ) var líkur spámanni sem var fyrir árásum og skaða frá fólki hans. En hann þurrkaði alltaf blóðið úr andliti sínu og sagði:

„Guð! fyrirgefðu fólkinu mínu, því það veit ekki!" (Bukhari, #3290)

[17]Qadhi Eiyadh, *al-Shifa bita'reefi Huquooqil-Mostafa*.

Jundub b. Sufyân sagði að fingur Sendiboðans meiddist og byrjaði að blæða í einni orrustunni og hann sagði:

Það er bara einn fingur sem blæðir, fingur sem er særður og vísar á veg Guðs. (Bukhari, #2648)

3. **Einlægni**: Spámaðurinn (ﷺ) var eins og Guð skapaði hann, einlægur og heiðarlegur í öllu sem hann tók að sér. Guð, hinn Almáttugi, segir:

(*Segðu: „Bæn mín, trúrækni og bængjörð og dauði minn tilheyrir Guði, Herra heimanna, Hann sem ekki hefur nokkuð við hlið hans; til þetta hef ég kallað og ég er sá fyrsti þeirra sem hefur undirkastað sig vilja Guðs.*

*Segðu: „Bæn mín og fórn og líf mitt all og dauði minn helgast Guði, Drottni alheimanna. Enginn er Honum jafn. Á þennan veg er mér fyrir skipað sem hinum fyrsta, er Honum lýtur í auðmýkt*”

(Kóran, 6:162-163)

4. **Gott siðferði, siðgæði og góður félagsandi:** Spámaðurinn (ﷺ) var lifandi dæmi fyrir allar manneskjur að fylgja. Eiginkona hans A’ishah var spurð eitt sinn um hvernig hátterni hann hefði verið, Hún svaraði:

Hátterni hans var í Kóraninum.

Það sem A'ishah meinti var að hátterni Spámannsins endurspeglaði Kóraninn og lög hans, boð og bönn og líf Spámannsins endurspeglaði allt það sem stóð í Kóraninum. Spámaðurinn (ﷺ) sagði:

> Guð hefur sent mig til ykkar til að fullkomna og vera fullkomið dæmi fyrir ykkur um góða hegðun og góðra gjörða. (Bukhari og Ahmed)

> Guð, hinn Almáttugi, lýsti Spámanninum svo hljóðandi:

> (*Líf þitt og gjörðir gefa eitt lýsandi [dæmi]*.) (Kóran, 68:4)

Anas b. Malik þjónaði Spámanninum yfir tíu ára tímabil; meðan Spámaðurinn (ﷺ) var í ferðalögum þegar hann var þá búsettur í Medína. Þjóninn var mjög kunnugur um hátterni Spámannsins, þar sem þeir eyddu miklum tíma saman. Hann sagði:

> Spámaðurinn (ﷺ) bölvaði aldrei neinum, hann var alltaf yfirvegaður og formælti eða skammaði aldrei neinn, og þegar hann var hissa á hegðun einhvers sagði hann bara upphátt „Hvað er eiginlega að honum...” (Bukhari, #5684)

5. **Höfðingsleiki og góð hegðun**: Spámaðurinn (ﷺ) var alltaf gott dæmi um góða hegðun, var höfðinglegur og rausnarlegur á móti öllum, einnig börnum. Við eitt tilfelli þá var hann við samkomu og var honum afhentur drykkur sem hann þá drakk. Við hlið hans stóð ungur drengur og honum á hægri síðu sátu nokkrir eldri menn. Þar sem hann vissi að hann þurfti að sýna þeim eldri virðingu vildi hann ekki á sama tíma særa tilfinningar unga stráksins, þess vegna spurði hann strákinn: „Hefur þú nokkuð á móti því að ég gefi þeim að drekka? Drengurinn sagði: „Ó, Spámaður Guð! Við Guð! Ég vill ekki að nokkur fái að drekka úr því glasi sem þú hefur drukkið, það er þitt að varðveita það sem þú hefur drukkið[18]„ Sendiboði Guðs (ﷺ) gaf því drykkinn til drengsins. (Bukhari #2319)

6. **Mæti á endurbótum og sátta**:

Þegar upp komu deilumál sem kallaðu á sátta sæmd flýtti Spámaðurinn (ﷺ) þangað til að leysa það. Við eitt tilfelli þegar hann fór til fólksins til í Qubâ[19] til að ná sáttum þegar hann heyrði fólkið deila sín á milli sagði hann:

> Látið okkur leysa vandamálið og byggja frið á milli þeirra. (Bukhari #2547)

[18] Í Íslamskri siðfræði er mikilvægt að allt gott byrji með hægri hendi. Sem dæmi á alltaf að taka á móti gjöf með hægri hendi.
[19] Bær sem var áður rétt fyrir utan borgarmörk Medínu en er nú hluti af borginni.

7.**Bjóða til þess góða og banna það slæma:** Þegar Spámaðurinn (ﷺ) varð vitni að athöfn sem var gegn lögmálum Guðs gaf hann viðeigandi ávítun.

Abdullah b. Abbas sagði:

> Sendiboði Guðs (ﷺ) sá mann bera gullhring[20]. Hann tók hringinn af honum og kastaði honum í burtu. Síðan sagði hann: „ Myndi einhver ykkar taka glóðandi kol og taka það ykkur í hönd?!" Maðurinn var uppörvaður eftir að Spámaðurinn (ﷺ) gerði þetta, Spámaðurinn (ﷺ) sagði: „Taktu hringinn þinn! Og gerðu eitthvað gott úr honum (með því að selja hann).„ Maðurinn sagði "Nei, við Guð! Ég mun aldrei snerta þennan eða aðra gullhringi aftur þar sem Sendiboðinn hefur kastað honum" (Muslim, #2090)

Abu Saîd al-Khudri sagði: „ Ég heyrði Sendiboða Guðs segja:

> Sá sem verður vitni að slæmri hegðun hefur leyfi til að stoppa þá hegðun með hendinni, ef hann getur það ekki þá getur hann, mótmælt hegðuninni með tungunni og ef sá möguleiki er ekki fyrir hendi þá er honum leyfilegt að vera illt í hjartanu..." (Muslim)
>
> Þarf að skrifa betur

[20] Í Íslam er bannað fyrir karlmenn að bera skartgripi eða annað úr gulli. Þar sem það eru stærilæti og geta valdið ójöfnuði meðal manna,

8. **Mikilvægi hreinlætis** Spámaðurinn (ﷺ) sagði: „Hreinlæti er helmingurinn af trúnni."

9. **Að vera varkár við það sem er sagt** Einn fylgisveinn lýsti honum og sagði: „Sendiboði Guðs (ﷺ) notaði mjög miklum tíma til að minnast Guðs; hann talaði aldrei af hégóma. Hann gerði bænina lengri en predikuna styttri , hann hafði alltaf tíma til að hjálpa þeim þurfandi og sá til þess að það var passað upp á þá, og hjálpaði alltaf fátækum ekkjum." (Ibn Hibban, #6423)

10. **Skar sig úr skaranum í tilbeiðslu:** A'ishah sagði að Spámaður Guðs leiddi bæn sína svo lengi á nóttunni að fætur hans byrjuðu að bólgna að hafa staðið svo lengi. Hún spurði hann: „Af hverju biðurðu svona lengi, Ó Sendiboði Guðs? Guð hefur fyrirgefið þér allar fyrri syndir þínar og komandi syndir." Spámaðurinn (ﷺ) svaraði:

Á ég ekki að vera þakklátur þjónn Guðs? (Bukhari, #4557)

11. **Samningsfús:** Við eitt tilfelli komu nokkrir fylgisveinar til Spámannsins og yfir ættbálk Daws sem voru ekki vissir hvort þeir ættu að taka boðskap Íslam. Fylgisveinarnir báðu hann að bölva þeim. Spámaðurinn (ﷺ) lyfti höndum sínum bað og sagði í stað þess:

Ó Gud, leiddu ættbálk Daws og leiddu þau til Íslam!

12. **Vel til fara**: Fylgisveinarnir báru vitni um að Spámaðurinn (ﷺ) var sá fallegasti af öllu fólki. Einn fylgi sveinn sagði: hann var fallegastur allra. Annar Fylgisveinn sagði:

> Spámaðurinn (ﷺ) var að meðalhæð . Axlir hans voru breiðar og hár hans náði til eyrnasneplanna. Eitt sinn, sá ég hann í rauðum fötum, ég hef aldrei séð nokkurn mann eins fallegan eins og hann. (Bukhari, #2358)

13. **Hófsemi í veraldalegum gæðum**: Það eru til mörg dæmi í lífi Spámannsins sem sýna að hann hafði engan áhuga á veraldalegum gæðum eða hlunnindum undir lífstíð hans. Abdullah b. Masûd sagði:

> Sendiboði Guðs (ﷺ) svaf á svo þunnri hey dýnu að þegar hann steig upp þá var hann með far á bakinu . Við sögðum: „Ó, Sendiboði Guðs (ﷺ), eigum við ekki að gefa þér almennilega dýnu?" Og hann sagði:„Hvað hef ég með þennan heim að gera? Ég er bara eins og farþegi á hesti sem tekur sér (hvíldar)pásu undir tré, og hvílir sig stutta stund og heldur síðan áfram á sínu ferðalagi." (Tirmidthi, #2377)

Amr' b. al-Hârith sagði að Sendiboði Guðs (ﷺ) hefði ekki skilið eftir dauða sinn gull eða silfur sjóði, eða nokkurn þræl. Það eina sem hann skildi eftir sig eftir var hvítur múlasni, vopn sín og lítill akur sem hann átti, hann kallaði að skilja þetta eftir sig sem síðasta góðverk sitt. Bukhari, #2588)

14. **Ósjálfelska:** Sahl b. Sa'd sagði: Spámaðurinn (ﷺ) hafði meiri áhyggjur af þörfum þeirra sem voru nærri honum en hans eigin þörfum.

Kona gaf Sendiboða Guðs (ﷺ) *burdah*. Spámaðurinn (ﷺ) spurði fylgisveina sína: „Vitið þið hvað *burdah* er?" Þeir svöruðuð: „Já, ó Spámaður Guðs! Það er stykki úr klæðum okkar (eins og sjal)." Konan sagði: „Ó Spámaður Guðs! Ég hef ofið þetta sjal með mínum eigin höndum svo að þú getir fengið að klæðast því." Sendiboði Guðs (ﷺ) tók á móti því þar sem hann brýna þörf fyrir plaggið. Klukkutíma seinna kom hann út úr heimi sínu og klæddist því. Einn fylgisveina hans sá hann, og sagði: „Ó, Sendiboði Guðs (ﷺ)! Gefðu mér þetta plagg svo að ég geti klæðst því!" Sendiboði Guðs (ﷺ) sagði: „Já." Eftir það settist hann niður í smá stund, og gekk síðan heim, braut saman plaggið og gaf það fylgisveininum sem hafði beðið um það. Aðrir fylgisveinar Spámannsins urðu reiðir og sögu: „Það var ekki rétt af þér að biðja um þetta plagg þar sem þú veist að hann segir aldrei nei ef einhver vill gefa honum eitthvað eða ef einhver biður hann um eitthvað!" Maðurinn sagði: „Við sjálfan Guð! Ég vill klæðast þessu plaggi þar til dagsins sem ég dey.", Shal, sem skrifaði niður hadítið sagði, síðan: „Fylgisveinninn stóð við orð sín og bar sjalið til þess dags sem hann dó." (Bukhari, #1987)

15. **Sterk trúrækni og Sterk trú á Guð**: Jafnvel þó að Spámaðurinn (ﷺ) og fylgisveinar hans hafi þurft að standast erfiðar þolraunir frá þeim sem voru trúlausir, þolraunir loka útkoman þrautanna minntu alltaf vera þeim trúendum í hag

og að sigur Íslams kæmi aðeins frá Guði. Þegar Abu Bakr og Spámaðurinn (ﷺ) hefðu yfirgefið heimili sín til að flytja til Medína földu þeir sig í helli frá íbúum Mekku sem komu til að drepa þá. Í heillinum sjá Abu Bakr mennina koma svo nálægt þeim að hann gat séð fætur þeirra, hann mætli:

> Ég sá fætur heiðingjanna þegar við földum okkur í [Thawrs] helli. Ég sagði: „Ó Spámaður Guðs! Ef nokkur af þeim horfir niður fyrir tær sínar þá munu þeir sjá okkur!” Sendiboð Guðs sagði: „Ó, Abu Bakr! Hvað heldur þú um þá tvo menn sem þarna standa þar sem Guð Hinn Almáttugi er sá þriðji á milli þeirra?” (Muslim, #1854)

16. **Vingjarnleiki og samúð:** Spámaðurinn (ﷺ) var vingjarnlegasti af öllu fólki, sem endurspeglaðist í mildri framkomu hans á móti börnum. Sem dæmi:

> Sendiboði Guðs (ﷺ) gerði *salah* (bæn) meðan hann hélt á litri stelpu sem hét Umâmah og var dóttir Abul-Âs. Þegar hann beygði sig niður í bæninni þá lagði hann hana niður á jörðina og þegar hann reis sig upp aftur þá tók hann hana upp aftur.” (Bukhari, #5650)

17. **Einföldun og vilji til að hjálpa**: Spámaðurinn (ﷺ) reyndi alltaf að gera hluti einfalda fyrir mannfólkið. Hann sagði:

> Ég byrjar bænina með því ásetningi að lengja bænina, en ef ég heyri barn gráta þá stytti ég hana svo að móðirin myndi ekki finna til með grátunum. . (Bukhari, #677)

18. **Hræddist Guð og varaði fólk að fara ekki út fyrir lagaramma Guðs og DEVOTION:** Sendiboði Guðs (ﷺ) sagði:

> Stundum þegar ég kem heim á kvöldin til fjölskyldu minnar, þá finn ég döðlu á rúmteppi mínu. Ég tek hana upp til að borða en hætti við því ég hugsa af einhver hafi sett hana þar til góðgerða svo að ég set hana aftur á gólfið þar sem hún lág., .[21] (Bukhari, #2300)

19. **Örlæti**: Anas bin Malik sagði eitt sinn:

> Þegar einhver tók á móti Íslam og bað Sendiboða Guðs um einhvern hlut, þá neitaði hann þeim aldrei það sem þeir báðu um. Einn maður kom eitt sinn til Spámannsins og Spámaðurinn (ﷺ) gaf honum fjárhjörð sem var að beit á milli tveggja fjalla. Maðurinn snéri aftur til fólksins síns og sagði :

[21]Það var bannað fyrir Spámanninn og fjölskyldu hans að taka á móti almúsu.

„Fólk mitt, takið á móti Íslam! Múhammeð (ﷺ) er örlátur og er ekki maður sem hræðist fátækt.” (Muslim, #2312)

Ibn Abbas sagði:

Spámaðurinn (ﷺ) var örlátastur allra. Hann var örlátastur undir Ramadan mánuði þegar hann hitti Gabríel á hverri nóttu og las Kóraninn fyrir hann.

Sendiboð Guðs var örlátari en vindurinn sem blæs (vindur sem ber með sér regnský). (Bukhari #6)

Abu Dharr sagði:

Ég var úti og gekk með Spámanninum í Harrah (jarðhitasvæði) við Medína. Þegar við komum til Uhuds fjalls sagði Spámaðurinn (ﷺ):„Ó, Abu Dharr” Ég sagði: „Hér er ég, ó Sendiboði Guðs!” Hann sagði: „Ég væri ekki ánægður með sömu þyng af Gulli og þyng Uhuds fjalls fyrr en ég hafi eytt því Gulli (í þágu Guð) á einum eða þremur dögum. Ég myndi síðan halda aftur bara einum silfur peningi til að hjálpa þeim skuldsóttu.” (Bukhari #2312)

Jabir b. Abdullah sagði:

> Spámaðurinn (ﷺ) hikaði ekki við að gefa eitthvað sem einhver bað hann um. (Bukhari #5687)

20. **Samvinna**: Spámaðurinn (ﷺ) var ekki kóngur sem skipaði fylgjendum sínum að hlýða skipunum hans. Frekar þá synti hann alltaf sínum eigin erindum og var öðrum til taks í skuldbindingum þeirra. A’ishah var eitt sinn spurð hvernig Spámaðurinn (ﷺ) hagaði sér saman við fjölskyldu sinni: Hún sagði:

Hann hjálpaði og var alltaf fjölskyldumeðlimum sínum innar handar ef þeir þurftu hjálp, en þegar kallið var til bænar [lagði hann alla vinnu frá sér] fór hann til að taka þátt í henni.

Al-Barâ’ bin Âzib sagði:

> Daginn fyrir skurða bardagann þá sá ég Sendiboð Guðs bera sand og drullu ( sem verið var að grafa virkisgröfina) og hann bar það mikið að sandurinn og drullan huldi allan brjóstkassann. Hann var frekar loðinn. Ég heyrði hann segja nokkur vers ljóðs Abdullah b.Rawaahah: “Ó Allah! Væri það ekki fyrir Þig hefðum við ekki verið leiddir, beðið bænir eða gefið ölmusu. Ó Allah! Gerðu svo að við fyllumst af ró og höldum styrkleika okkar fyrir framan óvinina. Vissulega hafa

þeir brotið gegn okkur! Og ef þeir óska eftir náð munum við hafna því! Hann (ﷺ) hækkaði röddina er hann las þessar lóðlínur. (Bukhari #2780)

21. **Sannsögull**: A’ishah sagði:

Sá manneiginleiki sem Spámaðurinn (ﷺ) hafði mest óbeit á voru lygar. Ef maður laug fyrir framan Spámanninn þá erfði hann það við viðkomandi þangað til að hann hefði iðrast þess. . (Tirmidthi #1973)

Einnig báru óvinir hans vitni um sannsegli hans. Abu Jahl, sem var bitrasti og mesti óvinurinn, sagði: “Ó Múhammeð (ﷺ)! Ég held því ekki fram að þú sért lygari! Ég afneyta því bara sem þú kallar mannfólkið til.”

Guð hinn almáttugi, segir:

(*Vér vitum fullvel, að það sem þeir ranglátu segja, hyggir þig; því ekki ert það þú, sem þeir afneita, heldur hafna þeir opinberunum Guðs sjálfs.*) *(Kóran,* 6:33)

22. **Virti þá laga ramma sem Guð setti og reyndi alltaf að fylgja veg hófsemdarinnar:** A'ishah sagði:

> Þegar Spámaðurinn (ﷺ) gat valið milli tveggja valkosta valdi hann alltaf þann sem var léttari og þægilegri, svo lengi sem sá valkostur var ekki syndugur. Ef sá valkostur var syndugur hélt hann sig eins langt frá þeim valkosti og hann mögulega gat. Ég sver við Guð! Að hann hefndi sig aldrei. Hann varð aðeins reiður við þá sem yfirskriðu lagaramma Guðs, og í allri ákvarðanatöku þá bað hann Guð um að leiða sig rétta leið og vera sér miskunnsamur. (Bukhari, #6404)

23. **Vingjarnlegur svipur var á honum**: Abdullah bin al-Harith sagði:

> Ég hef aldrei séð nokkurn mann sem brosti svo mikið eins og Sendiboði Guðs (ﷺ) gerði. (Tirmidthi, #2641)

24. **Heiðarlegur og traustur** Spámaðurinn (ﷺ) var svo þekktur fyrir heiðarleika sinn að heiðingjarnir í Mekka, sem sögðu opinberlega vera óvinir hans, treystu verðmætum sínum fyrir sig. Heiðarleiki hans og trúverðugleiki var settur undir próf þegar hann neyddist til að flytja frá Mekka, eftir að heiðingjarnir hefðu lítiðlækkað hann , pyntað fylgisveina hans og hrakti þá frá heimilum þeirra. Til að geta skilað þeim til

baka hlutunum þeirra bað hann frænda sinn Ali b. Abi Talib að fresta brottför sinni frá Mekka um þrjá daga.[22]

Annað dæmi um heiðarleika hann sýndi sig þegar vopnahléið við Hudaibiyah átti sér stað, þar sem hann undirritaði samkomulag um að þeir hermenn sem flúðu frá honum til Mekka myndu ekki vera knúnir til baka, á meðan þeir sem flúðu fá Mekka myndu vera knúnir að snúa til baka. Áður en búið var að ganga frá samningnum formlega þá hafði einn maður sem hét Abu Jandal b. Amr náð að flýja frá heiðingjunum og flýtt sér til Múhammeð (ﷺ) til að sverja honum holustu sína. Heiðingjarnir búðu Múhammeð (ﷺ) þá að standast samninginn sem ekki var ennþá búið að undirrita og láta liðhlaupana aftur í þeirra hendur. Sendiboði Guðs (ﷺ) sagði honum:

> Ó, Abu Jandal! Vertu þolinmóður og biddu Guð um að gefa þér þolinmæði. Guð kemur sannarlega að hjálpa þér og þeim sem eru ofsóttir, og gera ykkur létt fyrir. Við höfum gert samning við heiðingjanna, og við munum ekki svíkja loforð okkar. . (Baihaqi #18611)

[22]Sjálfsævisaga Ibn Hishams , vol. 1, s. 493 (Arabíska útgáfan)).

25. **Hugrekki**: Ali sagði:

> Þið hefðuð átt að sjá hann (MIG?) á meðan á orrustunni við Badr stóð! Við leituðum skjóls hjá Sendiboða Guðs . Hann var sá sem var næst óvininum. Og þennan dag var Sendiboði Guðs (ﷺ) sá sterkasti á meðal okkar. (Ahmed, #654)

Þegar spurður um hugrekka hans, þá svaraði Anas b. Malik:

> Sendiboði Guðs (ﷺ) var sá besti af okkur öllum og hugrakastur. Eina nótt urðu íbúar Medínu hræddir og fóru í átt að hljóði sem þeir höfðu heyrt um nóttina. Hann mætti fólkið á leið til baka frá staðnum eftir að hafa fullvissað sig að allt væri í lagi. Hann reið á hesti berbaka og Abu Talhah átti og hafði sverð með sér  Þá róaði hann mannfólkið niður og sagði: „Verið ekki hrædd! Verið ekki hrædd” (Bukhari, #2751)

Hann  kom á móti fólkinu , og hafði sverð sitt með sér ef hann skyldi þurfa að notað það.. Hann beið ekki eftir því að aðrir færu og athuguðu hvort hætta steðjaði að eins og oft gerist

Í barráttu Uhuh leitaði Spámaðurinn (ﷺ) ráð hjá fylgisveinunum sínum. Þeir ráðlögðu að hann skyldi berjast en hann sjálfur (ﷺ) sá ekki þörf til þess. Hann tók þó ráð þeirra gilt. Þegar þeir fréttu af skoðun hans sáu þeir eftir þeirra ráði. Ansari sagði “Ó Sendiboði Guðs! Gerðu eins og þér finnst best”, en hann (ﷺ) svaraði:

Það er ekki spámanni samkvæmt að taka af sér stríðsklæðin sín fyrr en hann hefur barist. (Ahmed #14829)

26. **Óframfærinn og hógværð:** Abu Ayoub al-Ansari sagði að Sendiboði Guðs (ﷺ) sagði:

“Fjögur ( atriði einkenna Sendiboðanum: þau eru feimni, ilmvatn, notkun tannbursta *siwak* (tannstöngull og tannbursti) og hjónaband.” (Tirmidthi)

A’ishah sagði: “Ein kona spurði Spámanninn (ﷺ) spurningu um baðið sem er tekið hjá konum í lok tíða tímabilsins. Spámaðurinn (ﷺ) sagði: „Baðaðu þig í vatni og notaðu svamp og sápu með ilmvatni eða góðri lykt (Mysk).” Spámaðurinn (ﷺ) varð síðan feiminn og snéri sér frá henni. A’ishah sagði: „Ég tók hana afsíðis og útskýrði fyrir henni hvað Spámaðurinn (ﷺ) meinti.” (Bukhari #313)

27. **Auðmjúkur**: Sendiboði Guðs (ﷺ) var mjög auðmjúkur. Hann var svo auðmjúkur að eitt sinn kom ókunnugur maður í moskuna og hann gat ekki skilið Spámanninn frá öðrum þar sem hann sat með fylgisveinum sínum. Anas bin Malik sagði:

Við eitt tilfelli þá sátum við með Sendiboða Guðs (ﷺ) í Moskunni og við sáum að maður nálgaðist Moskuna á úlfalda. Eftir að maðurinn hafði tjóðrað úlfaldan spurði hann okkur:

„Hver af ykkur er Múhammeð (ﷺ)? Sendiboði Guðs (ﷺ) sat þá á jörðinni með fylgisveinum sínum. Við svöruðum Bedúínanum og sögðum það er maðurinn sem liggur á gólfinu.” Spámaðurinn (ﷺ) var aldrei frábrugðin Fyglisveinum sínum.

Spámaðurinn (ﷺ) hikaði ekki við að hjálpa fátækum, þeim þurfandi og ekkjunum sem voru í mikilli nauð. Anas b. Malik sagði:

Kona veik á geðsmunum komin af fólki Medína sagði eitt sinn Spámanninum : „Ég verð að biðja þig um einn hlut.” Hann heyrði hana og hjálpaði henni og sá til að hún fengi það sem hún þurfti. (Bukhari, #670)

28. **Miskunnsemi og samúð**: Abu Masûd al-Ansari sagði:

Einn maður kom til Spámannsins (ﷺ) og sagði: „Ó, Sendiboði Guðs (ﷺ)! Ég sver við Guð! Ég bið ekki morgun (fajr) bænina vegna þess að þessi og annar lengja bænina.” Hann sagði: „Ég hef aldrei séð Sendiboða Guðs (ﷺ) verða svo reiður þegar hann sagði: „fólk! Sannarlega er á meðal ykkar þeir sem fælir fór í burtu! Ef þið leiðið fólk í bæn styttið þá bænina. Sumir þeirra sem biðja fyrir aftan ykkur eru veikburðir og gamlir og aðrir hafa sérþarfir. .” (Bukhari, #670)

Við eitt tilfelli þegar Spámaðurinn (ﷺ) heimsótti barnabarn sitt byrjaði hann að gráta.

Sendiboði Guðs (ﷺ) sat með ungabarnið á dánarbeði þess. Augu barnsins frusu í eins og steinar. Þegar Sendiboði Guðs (ﷺ) sá þetta grét hann. Sa'd sagði til hans: „Hvað er þetta, ó Spámaður Guðs?" Hann sagði: „Þetta er náðar gjöf frá Guði, Almáttugum, sem hann hefur sett í hjörtu þjóna sinna. Sannarlega er Guð miskunnsamur gagnvart öðrum." (Bukhari, #6942)

29. **Þrautseigja og fyrirgefning.**

Anas bin Malik sagði:

Eitt sinn var ég úti og gekk með Sendiboða Guðs sem var klæddur í kufli frá Jemen, en kuflinn var með hrjúfum kraga . Einn Bedúíni greip fast í hann . Ég horfði á hlið háls hans og sá að kraginn var svo vel hertur að hálsinum að hann skildi eftir rautt far. Bedúíni sagði: „Ó, Múhammeð (ﷺ)! Gefðu mér lítið af auðæfi Guðs sem þú átt " Sendiboði Guðs (ﷺ) snéri sér að Bedúínanum, hló og sagði mönnum að hann skyldi fá (pening) . (Bukhari, #2980)

Annað dæmi um þrautseigju hans er sagan um Gyðinga rabbína Zaid bin Sa'nah. En Zaid hafði lánað Sendiboða Guðs eitthvað : Zaid sagði:

Tvo eða þrjá daga áður en skuldin átti að vera borguð til baka var Sendiboði Guðs (ﷺ) við jarðaför manns frá Ansar. Abu Bakr, Umar, Uthman og hluti af öðrum Fylgisveinum var með Spámanninum (ﷺ). Eftir að hann hafði lokið jarðarfarar bæninni settist hann niður við einn vegg, og ég gekk til hans, tók í kraga kufls hans og sagði: „Ó, Múhammeð (ﷺ)! Ætlar þú ekki að borga til baka það sem ég lánaði þér? Ég þekki ekki til þess að fjölskylda Abdul-Mutalibs sé sein að borga til baka skuldir!"

Mér var þá litið á Umar b. al-Khattab og sá að augu hans voru bólgin af reiði. Hann horfði á mig og sagði: „Þú óvinur Guðs, talar þú til og hagar þú þér við Sendiboða Guðs (ﷺ) á þessa vegu?! Við Þann sem hefur sent hann með sannleikann; væri það ekki fyrir hræðslu mína fyrir að fá ekki að ganga í gegnum aldingarða himnanna þá hefði ég huggið af þér höfuðið með sverði mínu" Spámaðurinn (ﷺ) horfði með ró á Umar og sagði: „Ó, Umar, þú hefðir nú frekar getað gefið okkur heiðarlegt ráð í stað þess að gera það sem þú gerðir! Ó, Umar náðu í peninga og borgaðu tilbaka lánið og gefðu honum tuttugu *sa'a* (vigtunar skali) aukalega því þú hræddir hann!"

Zaid sagði: „Umar fylgdi með mér, og borgaði tilbaka lánið og gaf mér tuttugu *sa'a* döðlur." Zaid spurði hann: „Hvað er

þetta?” Hann sagði: „Sendiboði Guðs (ﷺ) skipaði mér að gefa þér þetta þar sem ég hræddi þig.” Zaid spurði þá Umar: „Ó, Umar, veist þú ekki hver ég er?” Umar sagði: „Nei, það veit ég ekki. Hver ertu?” Zaid sagði: „Ég er Zaid b. Sa’nah.” Umar spurði: „Rabbíninn?” Zaid svaraði: „Já, rabbíninn.” Umar spurði hann síðan: „Hvað fékk þig til að segja það sem þú sagðir við Spámanninn og gera það sem þú gerðir ?” Zaid svaraði: „Ó, Umar, ég hef séð í andliti Spámanni Guðs öll þau tákn þess að hann sé sannur spámaður fyrir utan tvö – fyrst er það að þrautseigjan og þolinmæði hans koma á undan reiði , og hitt er að því harkalegri sem maður er við hann því vænni og þolinmóðari verður hann, og nú er ég sáttur Ó, Umar, ég tek þig sem vitni á því að ég ber vott um og að ég sé ánægður með að það er aðeins Guð sem verðskuldar tilbeiðslu að Íslam er mín trú og að Múhammeð (ﷺ) er spámaðurinn minn. Ég tek þig einnig sem vitni að fyrir Guð sjálfan gef ég helming af auði mínum – og ég sem einn auðugasti maður í Medína – gef þá peninga sem ölmusa til Múslímanna.” Umar sagði: „Þú munt ekki geta deila öllum auðæfum þínum til allra Múslíma þannig að það er betra að þú segir í stað þess, „Ég skal deila auðæfum mínum til hluta Múslímanna” Zaid sagði: „Þá mun ég deila helming af auðinum með hluta af Múslímunum.” Bæði Zaid og Umar snéru aftur til sendiboða Guðs . Zaid sagði til hans: „Ég ber vitni um það sé enginn guð nema Guð einn, og að Múhammeð (ﷺ) er þjónn Guðs og Sendiboð Hans.” Zaid, var mjög trúaður , tók þátt í mörgum bardögum og dó af meiðslum sínum í baradaganum við Tabuk – megi Guð vera náðugur Zaid. (Ibn Hibban, #288)

Annað stór dæmið á fyrirgefningu og þrautseigju Spámannsins er þegar eftir sigurinn í Mekka fyrirgaf hann fólkinu í Mekka.

Sendiboði Guðs (ﷺ) safnaði saman fólkið sem hafi misþyrmt honum, meitt og pyntað hann og fylgjendur hans, og hrakið þá frá Mekka og sagði:

„Hvað haldið þið að ég muni gera við ykkur nú?” Þeir svöruðu: „Þú munt ekki gera neitt þar sem þú ert góðhjartaður og gjafmildur bróðir og frændi!” Spámaðurinn (ﷺ) sagði: „Farið – því þið eruð frjáls!” (Baihaqi, #18055)

30. **Þolinmæði**: Sendiboði Guðs (ﷺ) var þolinmóð persóna. Hann sýndi þolinmóður við fólkið sitt áður en hann kallaði það til Íslamstrúar en þá tilbáðu þeir átrúnaðargoða og syndguðu . Hann var þolinmóður og umburðarlyndur þótt heiðingjarnir í Mekka misþyrmdu hann og fylgjendur hans en hann sóttist alltaf eftir verðlaun frá Guði. Í Medina var hann aftur þolinmóður og umburðarlyndum gagnvart hræsnurum.

Þolinmæði hann var sett undir próf þegar hann missti ættingja sína og vini en fyrsta eiginkona hans Khadijah dó á meðan hann lifði. Öll börn hans fyrir utan dótturina Fatima dóu á undan honum líka. Föðurbróðir hans Abu Talib lést einnig á meðan hann lifið. Spámaðurinn (ﷺ) var þolinmóður allar þær

þrautraunir sem hann gekk í gegnum og leitaði umbun hjá Guði. Anas b. Malik sagði:

> Við heimsóttum járnsmiðinn Abu Saifs heim með Spámanninum (ﷺ). Eiginkona Abu Saifs var brjóstmóðir sonar Spámannsins, Ibrahim. Sendiboði Guðs (ﷺ) lyfti honum upp, lyktaði af honum og kyssti hann. Seinna fór hann aftur að hitta son sinn, en þá var hann dauðvona. Spámaðurinn (ﷺ) byrjaði að gráta. Abdurrahmân ibn Auf sa: „Ó, Spámaður Guðs, jafnvel þú grætur nú!" Sendiboði Guðs (ﷺ) sagði: „Ó, Ibn Auf, gjöfin að gráta er náð" – Spámaðurinn (ﷺ) felldi fleiri tár og sagði að aukum: „Augun fella tár, hjartað þjáist, og við segjum bara það sem þóknast vor Herra, og miður okkar yfir dauða þínum, ó Ibrahim!" (Bukhari, #1241)

31. **Réttlæti og sanngirni:** Sendiboði Guðs (ﷺ) var réttvís og sanngjarn í öllum hliðum lífs síns og í beitingu á trúnni:

A'ishah sagði:

> Fólkið frá Quraishs var undrandi og höfðu áhyggjur af konu frá Makhzûms ættbálknum sem hafði stolið. Ættbálkurinn safnaðist saman meðal sín sjálfs og spurt var: „Hver getur haft miðlað málum milli hennar og Sendiboða Guðs (ﷺ)?"

Að lokum sögðu þeir: „Hver hefur hugrekkið að tala við Sendiboða Guðs (ﷺ) um þetta mál fyrir utan Usamah b. Zaid, þessi ungur maður sem er bestur við Spámanninn (ﷺ) ?” Usamah nefndi mál konunnar við Sendiboða Guðs (ﷺ). Sendiboði Guðs (ﷺ) sagði:

„Ó, Usamah! Miðlar þú málum í spurningu um refsingu Guðs?

Sendiboði Guð (ﷺ) stóð upp og ávarpaði skarann: „Menningarheimar fyrr á öldum hafa eyðilagst vegna þess að þegar einn ríkur stal, leyfðu þeir hann en ef það var fátækur og veikburður sem stal, fékk hann þunga refsingu. Við Guð! Ef dóttir Múhameðs hefði stolið myndi ég sjálfur höggva af henni höndina.” (Bukhari, #3288)

Sendiboði Guðs (ﷺ) var réttvís og sanngjarn og hann leyfði öðrum að hefna sín ef hann hafði skaðað þá. Usaid b. Hudhair sa:

Maður kom frá Ansar spaugaðast með fólkið í kring um sig og fékk það til að hlægja, þegar Spámaðurinn (ﷺ) gekk framhjá potaði hann manninn með tjá grein sem hann bar á sér. Maðurinn sagði: „Ó, Sendiboði Guðs! Leyfðu mér að hefnast!” Spámaðurinn (ﷺ) sagði: „Gjörðu svo vel!” Maðurinn sagði: „Ó, Sendiboði Guðs (ﷺ), þú varst í fötum. En það var ég ekki þegar þú pottaðir í mig með tré greininni [þeas. Að greinin snerti bera húðina, og þess vegna væri það

réttlátt ef hann fengi að gera það sama við Spámanninn (ﷺ)]!" Sendiboði Guðs (ﷺ) lyfti upp efri hlutanum af skyrtunni [til að gera hlið sína bera] og maðurinn frá Ansar beygði sig niður og kyssti bera síðu Spámannsins og sagði: „Ég ætlaði mér bara að gera þetta, ó Sendiboði Guðs (ﷺ)!" (Abu Dawûd, #5224)

32. **Hræðist Guð og beinið athygli ykkar að Honum:** Sendiboði Guðs (ﷺ) var sá af okkur sem hafði mestan áhuga á réttvísi Guðs.

Abdullah bin Masûd sagði: „Við eitt tilfelli sagði Sendiboði Guðs (ﷺ) til mín": „ Lestu úr Kóraninum fyrir mig!" Abdullah bin Masûd sagði: „Á ég að lesa fyrir þig, þó að hann hafi verið opinberaður til þín?!" Spámaðurinn (ﷺ) sagði: „Já." Hann sagði: „Ég las Surat an-Nisâ[23] að versinu":

(*Hvernig farnast þeim þegar Vér leiðum vitni frá hverri þjóð og kveðjum þig til vitnisburðar gegn þeim?* ) (Kóran, 4:41)"

Þegar Sendiboði Guðs (ﷺ) hafði hlýtt á lesturinn að Þessu versi sagði hann: „Þetta er nóg, hættu!" Abdullah bin Masûd sagði: „Ég snéri mér við og sá Sendiboða Guðs (ﷺ) hágrátandi." (Bukhari, #4763)

[23] Fjórði kafli Kóransins.

A’ishah sagði:

Ef Sendiboði Guð (ﷺ) sá dimm ský á himni þá gekk hann fram og til baka inn og út um útidyrnar. Svo fljót það fór að rigna slappaði hann af. Ég spurði hann hvers vegna hann hegðaði sér svona svaraði hann: „Ég veit það, ekki, sumir myndu kannski segja”:

(Bukhari, #3034)

(Og þegar þeir sáu skýfláka koma yfir dalina, sögðu þeir: „Þetta er ský sem færir oss regn.” „Því fer fjarri,”þetta er það sem þér hafið kostað kapps um að flýta, fellibylur, sem flytur með sér skelfilega refsingu. Hann mun öllu tortíma að boði Drottins síns.” )

(Kóran, 46:24)

33. **Að Una Sér Vel**:

Umar b. al-Khattab sagði:

Ég heimsótti Sendiboðinn (ﷺ) heim og sá hann þar sem hann sat á þunnri mottu. Hann hafði kodda gerðan af leðri fylltur með trefja korni, eitt vatns ílát sem lá við fætur hans og á veggnum héngu fötin . Bak hans hafði rauð för eftir mottuna

sem hann notaði sem rúm. Umar fór að gráta þegar hann sá þetta, og Sendiboðið spurði: „Af hverju grætur þú?” Umar sagði: „Ó sendiboði Guðs (ﷺ)”! Kosrau konungur persanna og keisarinn njóta þess besta sem þessi heimur hefur uppá að bjóða á meðan þú lifir í sárri fátækt?!” Hann spurði: „Yrðir þú ekki glaður ef þú vissir að þeir njóta þessa heims til ýtrasta á meðan það erum við sem munum njóta lífsins eftir þetta?” (Bukhari, #4629)

### 34. Að Óska hins besta fyrir óvini sýna:

A’ishah sagði:

Ég spurði sendiboða Guðs (ﷺ):„Hefur þú nokkurn tímann upplifað eitthvað eins erfitt og ákaft en bardagann við Uhud?” Hann svaraði: „Ég hef þjáðst mikið fyrir þitt fólk! Það versta sem ég lenti í var daginn fyrir al-’Aqabah þegar ég talaði við Ali b. Abd Yalîl bin ‘Abd Kilâl (vegna þess að hann hafði lofið að verja mér hollustueið) en hann sveik mig og skildi mig einan eftir. Í örstutta stund angraði ég mig og ákvað að hætta við orrustuna og flúði. Þegar ég var nærri Qarn ath-Tha‘alib mættu mín ský sem vörpuðu skugga á mig. Gabríel kallaði á mig og sagði: „Ó, Múhammeð (ﷺ)! Guð hinn almáttugi, hefur heyrt hvað þitt fólk hefur sagt við þig (svikið þig) – og sent niður engil fjallanna sem þú getur beðið um hjálp.” Spámaðurinn (ﷺ) sagði: Engill fjallanna sagði mér : „ Megi Guð blessa þig og vernda þig frá öllu illu!” Ó, Múhammeð (ﷺ),„ég geri það sem þú skipar mér að gera. Ef

þú vilt getum við lagt fjöllin á milli þeirra saman og kramið óvini þína.” Sendiboði Guðs (ﷺ) sagði: „Það er kannski þannig að Guð fæðir mann milli þeirra (óvinanna) sem tilbiður Guð einn saman, og dýrkar ekkert við hlið Hans.” (Bukhari, #3059)

## 6. Siðferðisleg sjónarmið í hegðun spámannsins

1.**Náið samband spámannsins við fylgisveina sína:** Spámaðurinn (ﷺ) hafði mjög náið samband við fylgisveina sína, sem er vel þekkt þar sem til eru nákvæmar skráð rit um ævisögu Spámannsins. Spámaðurinn (ﷺ) er besta manndæmið sem mannfólkið getur reynt að líkjast og draga dám af. Jarîr b. Abdullah sagði: „Eftir að ég hafði tekið á móti Íslam hindraði Spámaðurinn (ﷺ) mig ekki að sitja með honum. Við þetta tilfelli harmaði ég það fyrir honum að ég hefði aldrei setið á hesti og væri ekki góður hestamaður, og hann slóg mig í brjóskassan og ákallaði Guð”:

> Ó, Guð! Styddu við hann, og gerðu hann einn að manneskju sem leiðir aðra og er uppspretta vegleiðslu. (Bukhari, #5739)

2.**Spámaðurinn (ﷺ) skemmti fylgjendum sínum og grínaðist með þeim:** al-Hasan sagði: Að eldri kona hefði komið til Spámannsins (ﷺ) og sagt: „Ó Sendiboð Guðs, biddu Guð að taka á móti mér í Paradís.” Hann svaraði: „Það eru engar gamlar konur í Paradís!” Konan gekk grátandi í burtu. Spámaðurinn (ﷺ) sagði: „Segið henni núna að hún muni ekki koma inní Paradís sem gömul kona, því að Guð segir”:

> (*Við munum nefnilega láta þau upprísa í nýrri sköpun og skapa þær sem jómfrúar, fullar af umhyggju og ást, og ungar að eilífu...*) (Kóran, 56:35-37)

Spámaðurinn (ﷺ) grínaðist ekki bara munnlegt með fylgjendum sínum heldur gantaðist hann líka í fylgjendum sínum og stríddi þeim góðlátlega Ibn b. Malik sagði:

> Einn bedúíni sem hét Zahir b. Haram var vanur að gefa Spámanninum gjafir. Spámaðurinn (ﷺ) sagði: „Zahir er eyðimörkin okkar og við erum þorpið hans." Spámaðurinn (ﷺ) labbaði fram til hans á meðan hann seldi vörur sínar og hélt utan um hann aftan frá svo hann gat ekki séð hann. Hann sagði „Slepptu mér!" Þegar hann skildi að þetta var Spámaðurinn (ﷺ) sem hélt utan um hann ýtti hann bakinu sínu á móti brjóstholi Sendiboðans. Sendiboði Guðs (ﷺ) sagði þá: „Hver kaupir þennan þræl af mér?" Zahir sagði: „Ó, Sendiboði Guðs (ﷺ) ég er verðlaus!" Sendiboði Guðs (ﷺ) sagði: „Fyrir Guð ert þú ekki verðlaus" eða „ fyrir Guð ertu dýr og verðmætur." (Ibn Hibban, #5790)

3. **Hann gaf fylgjendum sínum ráð**: Spámaðurinn (ﷺ) gaf fylgjendum sínum ráð og veitti hugsunum og sjónarmiðum athygli. Þegar engar skrifaðar heimildir voru í við að styðjast. Abu Hurairah sagði:

> Ég hef aldrei séð nokkur sem var svo skarpur og áhugasamur um að gefa fylgjendum sínum góð ráð eins og Sendiboði Guðs (ﷺ). (Tirmidthi, #1714)

4. **Hann heimsótti sjúka, Múslíma og ekki trúandi:** Spámaðurinn (ﷺ) var maður sem hafði áhyggjur af því að fylgjendur sínir hefðu það sem best. Þegar hann fékk fréttir af því að einhver af þeim var veikur, dreif hann sig til hans með öðrum fylgisveinum til að heimsækja þann sjúka. Hann heimsótti ekki bara Múslíma heldur líka þá sem voru ekki trúandi. Anas b. Malik sagði:

> Strákur sem va gyðingur og hjálpaði oft Spámanninum (ﷺ) varð veikur og Spámaðurinn (ﷺ) sagði þá: ”Förum og heimsækjum hann.” Þeir gengu til hans og sáu faðir stráksins sem sat við hlið dánarbeðs stráksins. Sendiboði Guð (ﷺ) sagði: Viðurkenndu að það sé ekki til nokkur annar Guð sem er vert að dýrka en Guð einn, og þá mun ég biðja fyrir þér á Upprisudaginn.” Strákurinn leit á föður sinn, sem sagði: “ ”Lyf Abul-Qasim!” Spámaðurinn (ﷺ) sagði: ”Það er enginn Guð sem vert er að dýrka en Guð einn, og Múhammeð (ﷺ) er síðasta sendiboð hans.” Sendiboði Guðs (ﷺ) sagði: Allur lofsöngur er Guð einum til handa sem bjargaði honum frá eldi heljar.” (Ibn Hibban, #2960)

5.**Hann var þakklátur fyrir góðmennsku fólks gagnvart honum og var gjafmildur gagnvart þeim:**

Abdullah b. Umar sagði að Sendiboði Guðs (ﷺ) sagði:

> Ef einhver leitar náðar hjá Guði gegn illskunni í mannfólkinu þá getur ekkert skaðað viðkomandi manneskju. Ef einhver biður þig um hjálp í Guðs nafni þá skaltu hjálpa viðkomandi. Ef einhver gerir þér greiða eða leysir þig úr vanda, þá skaltu endurgjalda þann greiða. Ef þú ekki finnur ekki leið til að endurgjalda greiðan, þá skaltu biða til Guð um að fá tækifæri til að endurgjalda greiðan. (Ahmed, #6106)

A'ishah sagði:

> Sendiboð Guðs tók oft á móti gjöfum, og var gjafmildur og gaf á móti. (Bukhari, #2445)

**6.Hann elskaði allt sem var fallegt of gott:**

Anas sagði:

> Hendi Sendiboða Guðs var mýkri en nokkuð annað en ég hef snert, og lykt hans var betri en nokkuð ilmvatn sem ég hef lyktað af. (Bukhari, #3368)

7.**Hann elskaði að hjálpa öðrum miðla málum þeirra og leysa ágreiningsmál**:

Abdullah b. Abbas sagði:

Maki Barîrahs var þræll sem hét Mughîth. Ég sá hann komandi grátandi labbandi á eftir einkonunni, og hann grét svo mikið að tárin droppuðu niður af skeggi hans. Sendiboð Guðs sagði til al-Abbas: "Er það ekki sláandi af því hversu mikið Mughîth elskar Barîrah, og hversu illa henni er við Mughîth!"

Spámaðurinn (ﷺ) sagði til Barîrah: „Af hverju ferðu ekki aftur til hans ef hann elskar þig svona mikið?" Hún sagði: „Skipar þú mér að gera það?" Hann sagði „Nei, ég tala aðeins af hans hálfu." Hún sagði: „Ég hef ekkert við hann að gera." (Bukhari, #4875)

**8.Hann var þjónn sjálfs síns:**

A'ishah sagði:

Ég var spurð hvernig Sendiboði Guðs (ﷺ) hagaði sér heima. Ég sagði. „Hann var eins og aðrir menn, hann þvoði sjálfur fötin sín, mjólkaði kindur sína og sá alfarið um sig sjálfur." (Ahmed, #24998)

Óaðfinnanlegt uppeldi Spámannsins gerði hann ekki eðsin til að þjóna sér sjálfum og sjá um sig sjálfan, heldur eyddi hann líka tíma í að þjóna öðrum. A'ishah sagði:

> Ég var spurð hvernig Sendiboði Guðs (ﷺ) hagaði sér heima. Ég sagði: "Hann hjálpar til með dagsverkin. En þegar hann heyrði bænakallið [lét hann allt eiga sig] og labbaði rakleiðis til moskunnar." (Bukhari, #5048)

## 7. Óhlutdrægar staðhæfingar um réttlæti og réttvísu

1. Þýska ljóðskáldið Wolfgang Goethe[24] sagði: „Ég leitaði í sögubókum að fyrirmyndar manneskju og fann það sem ég leitaði að í Múhammeð (ﷺ)."

2. Prófessorinn Keith Moore [25] skrifa í bók sinni: *The Developing Human*:

> Fyrir mér það algjörlega ljóst að þessar staðhæfingar hljóta að hafa komið til Múhameðs frá Guði, því að mikið af þessum staðhæfingum voru ekki uppgötvaðar fyrr en öldum seinna. Fyrir mig eru þetta sannanir þess að Múhammeð (ﷺ) hlýtur að hafa verið sendiboði Guðs, eða Allah.

> Hann skrifar líka: "Ég hef enga erfiðleika með ímynda mér það að það sem leiddi hann til þessa staðhæfinga sem fjallar um guðdómlegan innblástur og opinberarnir frá Guði."

---

[24] Þýskur höfundur og vísindamaður, ljóðskáld, leikritahöfundur og prósi. Hann var fram líka framarlega í rannóknum í grasafræði og vinn við þýska þingið.

[25] Áður stjórnarformaður fyrir Canadian Association of Anatomists við Lífæradeild Toronto Háskóla.

3. Dr. Maurice Bucaille[26] skrifar í bók sinni *The Qur'an and Modern Science*:

> Ein algjörlega óhlutdræg rannsókn á Kóraninum sem þegar setur undir smásjá nútíma vísindaþekkingar leiðir okkur til að sjá samlíkingar milli þeirra tveggja, eins og hefur oft verið sagt á opinberum vísindaráðstefnum. Það er óhugsanlegt að Múhammeð (ﷺ) hafi haft vitneskju sjálfur um alla þessar vísindalegu staðreyndir sem hægt er að finna samlíkingar fyrir í Kóraninum. Einnig eru vísindamenn sem hafa prufað til dæmis í fósturfræði hvort kenningar Kóransins um fósturvísa standist við vísindalegar uppgötvanir. Einnig hafa vísindamenn í öðrum sérsviðum prufað hvort sum vers í Kóraninum standist vísindalegar prufanir sem þær þá gera.

> og er einnig notuð af sumum vísindamönnum í rannsóknarvinnu þar sem þeir vilja ekki bara byggja vísindalegar kenningar og tilgátur á efnislegum rökum og reyna því að finna staðfestingar fyrir þeim rökum í Kóraninum og líka á hinn bóginn að prófa þau rök.

4. I *The Life and Teachings of Mohammad* skrifar Annie Besant[27]:

---

[26] Þekktur franskur skurðlæknir, vísindamaður og færðimaður, og höfundur bókarinnar *The Bible, The Qur'an and Science.*

[27] Enskur guðfræðingur, heimspekingur og pólítíkus sem barðist fyrir sjálfstjórn og menntunar umbótum í Indlandi.

Það er ómögulegt fyrir einhvern  sem hefur lesið sér til um mikilfenglegasta Spámann Arabíu, og fyrir þann sem vissi hvernig hann kenndi og hvernig hann lifði að finna nokkuð annað en mikla virðingu og aðdáun fyrir þeim mikla Spámanni, sem var einn af mestu Spámönnunum Hins Allmáttuga.  jafnvel það sem ég segi þér lesandi góður, eru kannski staðreyndir sem margir þekkja til, en mér líður þegar ég les þessar staðhæfingar um líf hans fyrir mikilli aðdáun og virðingu fyrir þessum mikla kennara Arabíu.

5. Dr. Gustav Weil skrifar í *History of the Islamic Peoples*:

Múhammeð (ﷺ) var lýsandi manndæmi fyrir fólk sitt. Karakter og mannorð hans var hreint og án nokkurra svartra bletta eða veikleika. Heimili hans, föt hans og mataræði hans endurspeglaði sjaldséðan einfaldleika. Hann var svo ógreinanlegur frá fylgisveinum sínum, hann vildi ekki að fólk sýndi sér lotningu eða of mikla virðingu,  eða sér meðferð, og hann vildi ekki taka móti neitt frá þjóni sínum ef það væri hlutur sem hann gat gert sjálfur. Hann var alltaf til staðar fyrir þá sem þurftu á honum að halda. Og heimsótti þá sjúka og fann fyrir meðaumkun með öllum og öllu. Hann hafði óendanlegan velvilja og gjafmildi og einnig var honum umhugað að umhyggju um velferð samfélagsins.[28]

[28] *Encyclopedia of Seerah*, eftir Afzalur Rahman.

6. Maurice Gaudefroy sagði:

Múhammeð (ﷺ) var spámaður og ekki guðfræðingur, og er sú staðreynd svo augljós að maður er knúinn að viðurkenna það til að segja sannleikann. Þeir menn sem umkringdu hann og byggðu fyrsta hóp lærðra Múslímskra manna, voru ánægðir með að fylgja þeim lögum sem hann setti í Guðs nafni, og með því að fylgja kenningum hans og manndæmi.[29]

7. Washington Irwing[30] sagði:

Hernaðar sigrar hans vöktu ekki upp neitt stolt eða eitthvað sem fylgjendur hans stærðu sig af. Þegar þeim gekk vel þá hélt hann sögu hegðun, og hegðaði sér af hógværð og framúrskreiðandi, og óhræddur þegar gekk illa til. Hegðun hans var langt frá hnokkafullri konungahegðun, og bannaði fólki að standa upp fyrir honum þegar hann kom inn í herbergi það sem fólk sat. .[31]

[29] *Encyclopedia of Seerah*, eftir Afzalur Rahman.
[30] Þekktur rithöfundur. Dóg árið 1859.
[31] *Encyclopedia of Seerah*, af Afzalur Rahman.

## 8. Eiginkonur Spámannsins (ﷺ)

Eftir að fyrsta Eiginkonan Khadijah dó giftist Spámaðurinn (ﷺ) alls ellefu konum, og þar af var allar þær fyrir utan A'ishah fáskildar konur eða ekkjur. Sex af konunum voru úr Quraish ættbálknum of fimm frá öðrum Arabískum ættbálkum. Spámaðurinn (ﷺ) elskað allar þessar konur allar á ólíkum ástæðum:

1. **Trúarlegar og lagalegum ástæðum:** Spámaðurinn (ﷺ) giftist Zainab b. Jahsh. Á dögum vanþekkingarinnar bönnuðu Arabarnir að maður giftist fyrrverandi konu ættleidds sona sinna, því að þeir trúðu því að ættleiddur sonur væri alveg eins og raunverulegur líffræðilegur sonur mans. En Spámaðurinn (ﷺ) þó að hann vissi af þessu banni giftist henni samt, og þó að hún hafi verið fyrrverandi eiginkona ættleidds sonar síns, Zaid b. Haritah. En ástæðan fyrir að hann giftist henni var að brjóta þetta laga bann og þar með afbanna og löggilda það. Guð segir:

(*Minnstu [Múhammeð] hvað þú sagðir honum sem Guð sýndu náð sína og sem þú sýndir stóra velvild: „Haltu frú þinn og óttastu Guð!" Og af hræðslu við fordóma mannfólksins hélstu því leyndu og afhafðist ekki neitt, þó að þú vissir að þú ættir ekki að óttast neinn nema Guð. En þegar Zayd skildi sig frá henni gáfum Við hana sem eiginkonu til þín til að sýna að ekkert á að geta hindrað trúandi mann að gifta sig með fyrrverandi eiginkonu ættleidds sonar síns, eftir*

*að þau hafa skilið samvistum. Vilja Guðs verður fólkið að fylgja.*) (Kóran, 33:37)

2. **Að gifta sig af pólitískum ástæðum, til að tryggja útbreiðslu Íslam, í tilgangi að bjóða fólk til Íslam, og einnig til að tryggja samstarfsvilja ættbálka arabanna**: Sendiboð Guðs (ﷺ) giftist konum frá stærstu og sterkustu ættbálkum Arabanna, og skipaði fylgjendum sínum að gera það sama. Hann sagði Abdurrahmân b. Auf:

Ef þær hlýða þér(taka Íslam sem trú sína), giftu þá dóttur höfðingja ættbálksins.

Dr. Cahan sagði: „Margar ákvarðanir spámannsins geta verið túlkaðar sem óábyrgar út frá sjónarmiði nútímamannsins. Sendiboðinn er gagnrýndur af mörgum vegna þess að þeir halda því fram að hann var aðeins á eftir veraldalegum hlunnindum og þess vegna hafði hann gifst níu konum eftir að Khadijahs lést. En þetta sannar að flest þessara hjónabanda voru að pólitískum ástöðum og til þess að tryggja hollustu lykilmanna og ættbálka."

3. **Samfélagslegar ástæður**: Spámaðurinn (ﷺ) giftist nokkrum ekkjum manna sem höfðu dáið í bardögum eða höfðu látist þegar þeir voru að predika um Íslam. Hann giftist

þessum ekkjum jafnvel ef þær voru eldri en hann og hann gerði það til að heiðra þær og maka þeirra.

Í bók sinni *In Defense of Islam* skrifar Veccia Vaglieri[32]:

Á æsku árum sínum átti Múhammeð (ﷺ) aðeins eina konu, þó að hann væri líffræðilega séð á blómaskeiði kynþroskans á þessu tímabili. Þó að hann lifði í fjölkvæni samfélagi eins og hann gerði þar sem fjölkvæni var venjulega til staðar hjá flestum og lét var að skilja og gifta sig, ákvað hann sjálfur að lifa æsku árin sín í einkvæni. Hann var trúr fyrstu konunni sinni í tuttugu of fimm ár og tók enga aðra eiginkonu fyrr en eftir að hún lést. En hann var þá fimmtugur þegar hún lést. Hver og ein af eiginkonum hans átt hann af samfélagslegum eða pólitískum ástæðum, til dæmis með því að heiðra guðshræddar konur eða með því að vinna hollustu vissra ættbálka svo að þeir myndu halda sig við Íslam. Engin af þeim fyrir utan A'ishah var jómfrú og engin af þeim voru ungar né voru sérstaklega aðlagandi, fyrir utan A'ishah. Þannig að hvernig er hægt að halda því fram að hann væri lostafullur maður? Hann var bara venjulegur maður og ekki guð. Hann eina ósk var að eignast son gat líka verið ástæðan fyrir því að hann gifti sig með svona mörgum konu, þar sem þeir synir sem hann eignast með Khadijah dóu allir í barnæsku. Og hver tók efnahagslegu ábyrgðina á þessari

[32] Þekktur Ítalskur Austulandafræðingur.

stóru fjölskyldu án þess að eiga nokkurn skapaðan hlut? Hann var réttlátur og sanngjarn á móti öllum eiginkonum sínum og gerði engan mismun á þeim allar fengu þær jafnmikla athygli og eigur. Hann fylgdi dæmum seinnitíma Spámanna til dæmis Móses, sem stundaði fjölkvæni án þess að nokkur mótmælti því. Er ástæðan fyrir því að sumt fólk mótmælir sér fjölkvæni Múhameðs sú staðreynd að við þekkum ekki nógu vel til líf hans, og einnig að við þekkjum ekki nógu vel til lífskeiðs spámannanna sem komu á undan honum?

Thomas Carlyle sagði: „Mikið er hægt að segja um Mahomet sjálfan, en hann var ekki nautnaseggur eða nautnafullur maður. Við villum á okkur heimildum ef við höldum því fram að hann hafi verið nautnaseggur og munaðargjarn, hann lifði fábrotnu lífi og hafði engan áhuga á nautnum eða munaði af nokkurn tagi.”[33]

[33]*Heroes, Hero-Worship and the Heroic in History*.

## 9.Ritaðar heimildir sem sanna stöðu Múhameðs sem spámanns.

Sannanir fyrir sanna stöðu Spámannsins eru marga og hér fyrir neðan nefnum við bara nokkrar þessara sannanna.

## Úr Kóraninum

1. Guð, hinn almáttugi, sagði:

(*Trúandi! Múhammeð er ekki faðir til nokkurs af fólki ykkar. Hann er Sendiboði Guðs og innsigli Spámannanna sem komu á undan honum. Guð hefur vitneskju um allt.*) (Kóran, 33:40)

2. Jesús framfærði í guðspjallinu um þær glöðu fréttir um komu Spámannsins Múhammeð (ﷺ). Guð, hinn allmáttugi segir:

(*Og [minnist] Jesús, sonur Marias, sem sagði: „Ísraelsmenn! Ég var sendur til ykkar af Guði til að staðfesta það sem ennþá til staðar úr Tora (sem þið fylgið ennþá) og færa ykkur þær glöðu fréttir að sendiboði Guðs mun koma til ykkar að nafni Ahmad.” En þegar hann kemur til ykkar með augljósar sannanir og vitnisburð, munuð þið segja: „Þetta er eru bara galdrar!”*) (Kóran, 61:6)

**Úr Sunnah[34]**

Spámaðurinn (ﷺ) sagði:

> Fordæmi mitt og fordæmi spámannanna sem komu á eftir mér, eru nú eins og maður sem byggði hús sem hann byggði fullkomið, fyrir utan einn smá galla þar sem hann skildi eftir bil fyrir síðasta múrsteininn. Fólk gekk í kringum húsið og sögðu: „Ef það væri ekki fyrir þennan múrstein sem saknaðs þá væri húsið fullkomið!” Spámaðurinn (ﷺ) sagði: „Ég er síðasti steininn, og ég er síðasti af öllum Spámönnunum.” (Bukhari, #3342)

**Úr eldri ritum**

Atâ’ b. Yasâr sagði: Ég hitt Abdullah b. Amr b. al-Âs og ég spurði hann: „Útskýrðu fyrir mér hvernig Sendiboða Guðs er lýst í Tora (Gamla Testamentinu)” Hann sagði:

> Í Tora er honum lýst eins og honum er líst í Kóraninum: „Sannarlega sjáum Við þig sem vitni (fyrir mannfólkið) og sá sem miðlar góðum fréttum og varar aðra við, og sá sem

[34] Endursagnir af því sem Spámaðurinn sagði, gerði, samþykkti og gaf skyn um.

verndar og gefur mannfólkinu öryggi og festu. Þú ert Þjónn minn og Sendiboð: Ég kallaði þig *Mutawakkil* (Sá trúverðugi). Þú hefur hvorki lélegt uppeldi að baki þér eða ert með vonda mannasiði, og þú hækkar ekki róminn. Þú endurgeldur ekki illt með illu, heldur náðar þú og fyrirgefur frekar. Ég tek ekki sál hans fyrr en hann hefur vegleitt mannfólkið og fólkið segir, ‘Það er enginn Guð sem vert er að dýrka fyrir utan Guð einan, og fólkið sér sannleikan eins og ljós á skýrum degi.”

Atâ sagði:

Ég hitti Ka’b, rabbínann og spurði hann um þessa frásögn. Og var fásögnin að fráskildu orðalaginu ekki frábrugðins fásögn Abdullah b. Amr b. al-Âs. (Baihaqi, #13079)

Abdul-Ahad Dawud[35] sagði:

En ég hafði reynt að byggja rök mín á hluta Biblíunnar sem var þannig málfræðilega upp byggður að ekki væri hægt að túlka þann hluta Biblíunnar málfræðilega öðru vísi eða að brengla með öðrum aðferðum. Ég gat ekki notast við latínu, grísku eða arametísku útgáfuna af Biblíunni vegna þess að það hefði verið árangurslaust, heldur vitna ég bara úr endurbættri útgáfu af Biblíunni sem var gefinn út af British and Foreign Bible Society.

---

[35] Hann var David Benjamin Keldani, teol. kand. og rómversk-kaþólskur prestur í sameinuðu kaldeísku kirkunnni. Hann var fæddur árið 1867 í Umria í Persíu.

Í Deuteronomium [Fimmtu Mósesbók] 18:18 getum við lesið: „Spámaður mun rísa á milli ykkar, sem er ekki frábrugðin ykkur að nokkru leiti, og ég skal leggja orð mín í munn hans...” Ef þessum orðum er ekki miðað að Spámanninum Múhammeð (ﷺ) þá eru þessi orð ekki ennþá uppfyllt. Spámaðurinn Jesús ýjaði aldrei að því að hann væri þessi spámaður. Og lærlingar Jesús voru á sama máli: þeir biðu eftir endurkomu Jesús svo að spádómurinn myndi uppfyllast. Fram til þessa dags er það óumdeilanlegt að hér ekki um að ræða aðra endurkomu Jesús þar sem sagt er að spámaðurinn (ﷺ) muni ekki vera frábrugðin almúganum, og var Jesús ólíkur fólksins sem hann var sendur á meðal, og er því Jesús ekki sá sem uppfyllir þennan spádóm. Jesús, eins og trúin er í Kirkju hans mun vera dómari á dómsdaginn en fer ekki með löggjafarvald; en sá útvaldi verður að koma með „glóðandi lög” í „hægri hendi”.

Í að ákvarða manngerð útvalda Spámannsins er frásögn Móses mjög upplýsandi. Þar talar Guð um ljóma sem kemur frá Paran, sem er fjall við borgina Mekka. Í Deuteronomium 33:2 hljóðar það svo: „Drottinn kom frá Sínaí, og rann upp fyrir þeim á Seír. Hann lét ljós sitt skína frá Paranfjöllum og þá kom frá hinum helgu tíu þúsund eldingar í hægri hendi hans voru þeim til varnar.”[36]

Í þessum orðum er Guði líkt með sólinni. Hann kemur frá Sínaí, hann stígur upp frá Seír og hann geislar miklum ljóma

[36]I Ensk þýðing „ten thousand saints”

frá Paran þar sem hann stígur niður með tíuþúsund englum og brennandi lög á hægri hendi. Enginn af Ísraelsmönnunum, fyrir utan Jesús, höfðu nokkuð að gera með Paran. Hagar flúði með son sin Ísamel í eyðimörk Beer-Sebas og bjó síðan í mörkinni við Paran (Sjáið Gen. 21:21). Ísamel giftist egypskri konu og gaf í gengum son sin Kedar sem var ættfaðir Arabanna sem hafa fram til þessa dags búið í mörkinni við Parans. Ef spámaðurinn Múhammeð (ﷺ) er óumdeilanlega kominn af Ísamel í gegnum son hans Kredar og er spámaður sem kom fram í mörkinni við Parans fjallið og snéri aftur inní Mekka með tíuþúsund engla og gefur brennandi lag til fólk síns – er hann þá ekki sannarlega sá Spámaðurinn(ﷺ) og uppfyllir þá spádóminn fram til síðasta bókstafs?

Spádómurinn í Hackardug er áhugaveður í þessu samhengi. Lofgjörð (þans heilaga frá Paran) mun fylla himna og jörð af loforði. Orðið loforð er mjög lýsandi þar sem nafnið Múhammeð (ﷺ)  þýðir „sá lofprísaði”. Við hlið Arabanna höfðu íbúar markarinnar við Paran líka lofað opinberun: “

„Eyðimörkin og borgir hennar og þorpin, þar sem Kerdar býr, skullu hefja upp raustina. Fjallbúarnir skulu fagna, æpa af gleði ofan af fjallatindum! Þeir skulu gefna Drottni dýrðina og kunngjöra lof hans í fjarlægum landsálfum! Drottinn leggur af stað sem hetja, elur á hugmóð sinn eins og bardagamaður. Hann kallar, hann lýstur upp herópi, sýnir hetjuskap á óvinum sínum:  (Jesaja, 42:11-13)

Í framhaldi af þessu eru tveir spádómar að aukum sem er þess virði að nefna og vísa til hvað Kedar gerði. Sá fyrsti hljómar svo:” Sá eini sem hlýðir fylgir: „Statt upp, skín þú, því að ljós þitt kemur og dýrð Drottins rennur upp yfir þér! Sjá, myrkur grúfir yfir jörðinni og sorti yfir þjóðunum. En yfir þér upp rennur Drottinn, og dýrð hann birtist yfir þér. Þjóðirnar stefna á ljós þitt og konungar á ljómann, sem rennur upp yfir þér. Hef upp augu þín og litast um: Þeir safnast allir saman og koma til þín. Synir þínir koma af fjarlægum löndum, og dætur þínar eru bornar á mjöðminni. Við þá sýn muntu gleðjast, hjarta þitt mun titra og svella, því auðlegð hafsins hverfur til þín og fjárafli þjóðarinnar kemur undir þig. Allar hjarðir Kedaras safnast til þín, hrútar Nebajóts þjóna þér. Þeir stíga upp á altari mitt mér til þóknunar, og hýs dýrðar minnar gjöri ég dýrlegt” (Jesaja, 60:1-7) Annan spádóminn finnum við líka í Jesaja: „Spádómur um Arabíu. Takið náttstað kjarrinu að kveldi, þér kaupmannalestir Dedansmanna! Komið út með vatn á móti hinum þyrstu, þér sem búið í Temalandi! Færið brauð flóttamönnum! Því þeir flýja undan sverðunum, undan brugðnu sverði undan bendum boga, undan þunga ófriðarins, því að svo hefir Drottinn sag við mig: Áður en eitt ár er liðið, eins og ár kaupmanna eru talin, skal öll vegsemd Kedars að engu verða, og leifarnar, sem eftir verða af bogum Kedarínga kappa, munu vera teljandi, því að Drottinn, Ísraels Guð hefur sagt það.” (Jesaja, 21:13-17) Ef þessir Spádómar í Jesíja eru lesnir í ljósi þess sem stendur í Deuteronomion þar sem skrifað er um mikinn glampa sem kom frá Paran fjalli.

Ef Ísamel bjó í mörk Parans og eignaðist soninn Kedar, ættföður Arabanna, og ef afkomendur Kedars þurftu að taka á móti opinberunum Guð; og ef hjörð Kedars þurfti stíga upp á guðdómlegt altari til að vegasama „hús föður míns” þegar myrkur mun þekkja jörðina í nokkrar aldir, og síðan mun þetta sama land taka á móti ljósi frá Guði; og ef allt herraveldi og ríkidæmi Kedars verður að farast í örva regni, hinir megnu menn Kedars, myndu minnka í fjölda einu ári eftir flóttann frá sverðum og spenntum bogum – þá er hinn Heilagi frá Paran (Habakuk 3:3) enginn annar en Spámaðurinn Múhammeð (ﷺ). Því að Spámaðurinn Múhammeð (ﷺ) er afkomandi Kedar sem búsatti sig í Parans mörk og er einn af heilögum afkomendum Ísamels. Múhammeð (ﷺ) er eini Spámaðurinn(ﷺ) sem tók á móti opinberunum þann tíma þegar myrkur fyllti jörðina.

Gegnum hann lýsti Guð frá Paran, og Mekka er staðurinn þar sem hús Guðs er varðveitt og hjörð Kedars kemur að fúsum og frjálsum vilja að altari hús Guðs. Spámaðurinn Múhammeð (ﷺ) var lagður í einelti af fólki sínu og þvingaðist að flytja frá Mekka. Hann var þyrstur og flúði frá sverði sem var búið að draga og spenntum boga, og einu ári eftir flutninginn frá Mekka hitti hann ættfólk Kedars við Bardaganum við Badr, sem var staðurinn þar sem fyrsti bardaginn á milli fólks Mekka og Spámannsins átti sér stað. Ættfólk Kedars og fjöldi bogaskytta þeirra minnkaði smá saman og allt herraveldi Kedars féll og hvarf. Ef Hinn Heilagi Spámaður uppfyllir ekki alla þessa spádóma eru þeir

ennþá óuppfylgdir. Hús Dýrðar Minnar sem er nefni í Jesaja 60 er hús Guðs í Mekka en ekki Kirkja Guðs eins og margir kristnir fræði menn meina. Hjörð Kedars sem er nefnd hefur aldrei komið inní Kirkju Krists, og það er staðreynd að þorp Kedars og íbúar þeirra er eina fólkið í öllum heiminum sem hafa aldrei orðið fyrir nokkrum áhrifum af Kirkju Krists.

Ég endurtek, ummælin í Deuteronomium 33:2 hafa mikla þýðingu. Hann (Guð) kom með miklum glampa frá Paran og hann kom með tíuþúsund engla með sér. Lestu alla söguna um mörk Parans og þú kemur ekki að finna nokkra annan sögulegan atburð en þann þegar Mekka var sigruð af Spámanninum. Hann kemur með tíuþúsund fylgiendur frá Medína og snýr aftur inní Hús Dýrðar Minnar. Hann gefur brennandi lag til heimsins, sem brennir önnur lög niður að ösku. Andi sannleikans meðhjálparinn – sem Jesús talar um var enginn annar en Múhammeð(ﷺ) sjálfur. En ekki heilagur andi eins og margir guðfræðingar halda fram. „En ég segi yður sannleikan: Það er yður til góðs, að ég fari burt, því ef ég fer ekki, kemur hjálparinn ekki til yðar. En ef ég fer, sendi ég hann til yðar,. Þegar hann kemur, mun hann sanna heiminum, hvað er synd réttæti og dómur, syndin er að þeir trúðu ekki á mig.” (Jóhannesarguðspjall, 16:7) Þessi orð segja að meðhjálparinn eða sá sem veitir huggun og var ekki lifandi á dögum Jesús. Þar að auki eins og Jesús lýsir honum virðist hann vera manneskja en ekki heilagur andi. „Og þegar hann kemur andi sannleikans, mun hann leiða yður í allan sannleikann. Hann mun ekki mæla af sjálfum sé, heldur mun

hann tala það, sem hann heyrir og kunngjöra yður það, sem koma á.” (Jóhannes, 16:13) Eigum við að trúa því að Heilagur andi og Guð eru tvær ólíkar frá skildar verur, að hinn heilagi andi tali um sjálfan sig og það sem hann heyrir frá Guði? Orðin sem Jesús notar vitna til Sendiboða Guðs en ekki sendiboða Guðs. Jesús kallar þennan sendiboða, anda sannleikans anda, í Kóraninum segir Guð um Spámanninn Múhammeð(ﷺ):*„Hann er sendiboð okkar [sem] hefur komið til þeirra með sannleik og með sannanir byggðar á [fyrri] boðskap boðberanna.*” (Kóran, 37:37)[37]

**Úr Nýja Testamentinu**

Í nýja Testamentinu finnst fjöldi allur af versum sem vísar óbeint til aðgerða hans sem vísa beint til endurkomu Múhammeð Spámanns(ﷺ):

**Jóhannes Skýrari**: Gyðingarnir sendu prest til Spámannsins til að fá reiðu á því hvernig manngerð hann væri.

*„Þessi er vitnisburður Jóhannesar, þegar Gyðingar sendu til hans presta og levíta frá Jerúsalem að spyrja hann: „Hver ert þú?" Hann svaraði ótvírætt og játaði: „Ekki er ég Kristur." Þeir spurðu hann: „Hvað þá? Ertu Elía?" Hann svarar: „Ekki er ég hann." „Ertu spámaðurinn?" Hann kvað*

[37] *Muhammad í Biblíunni*, Abdul-Ahad Dawud.

*nei við. Þá sögðu þeir við hann: „Hver ertu? Vér verðum að svara þeim, er sendu oss. Hvað segir þú um sjálfan þig?" Hann sagði: „Ég er rödd hrópanda í eyðimörk: Gjörið beinan veg Drottins, eins og Jesaja spámaður segir." Sendir voru menn af flokki farísea. Þeir spurðu hann: „Hvers vegna skírir þú, fyrst þú ert hvorki Kristur, Elía né spámaðurinn?"” (Jóhannesarguðspjall 1:20-25)*

Spámaðurinn(ﷺ) er ekki Jesús heldur Múhammeð (ﷺ) því að Jóhannes skýrari hélt áfram undir lífstíma Jesús að predika, skýra og tala um komu spámannsins.

**Jesús**: Spámaðurinn (ﷺ) Jesús spáði komu annars Spámans og samkvæmt spádóminum átti nafn þessa Spámanns að vera „Periqlytos” eða „Paraclete” eða „Paracalon” og kenningar hans og lærdómur átti að verða eilífur: “Ég mun biðja föðurinn, og hann mun gefa yður annan hjálpara, að hann sé hjá yður að eilífu.” (Jóhannesarguðspjall, 14:16)

Orðið „periqlytos” þýðir „lýsandi”, „heiðarlegur” og „sá sem borðið er lof á” og er einmitt það sem nafnið „Ahmad” þýðir. Í Kóraninum er það staðfest að Spámaðurinn Jesús spáði fyrir komu spámanns eftir honum sem myndi heita „ Ahmad”, Guð hinn almáttugi, segir:

(*Og [minnist] Jesús, sonur Maríu, sem sagði: „ Ísraelsmenn!” Ég er sendur til ykkar af Guði til að staðfesta þær leyfðar sem ennþá eru eftir af Tora og til að gefa ykkur*

*þær glöðu fréttir að eitt sendiboð skal koma eftir mig sem mun heita Ahmad.” En þegar hann kemur til þeirra með skýr tákn og vitnisburð, segja þeir: „Þetta eru augljóslega galdrar og prettir!”*) *(Kóran, 61:6)*

## 10. Umsagnir fræðimanna um Múhammeð Spámann (ﷺ)

1. **Spámaðurinn (ﷺ) var ólæs og óskrifandi**. Hann gat hvorki lesið né skrifað. Hann lifði meðal fólks sem gat heldur ekki lesið né skrifað. Enginn getur dregið í efa að Kóraninn var opinberaður af Múhammeð (ﷺ)! Guð, hinn allmáttugi segir:

(*Þú hefur aldrei lesið upp [nokkuð úr] opinberuðum heilögum ritum áður en ég opinberaði fyrir þér þennan; og hvorki hefur þú heldur skrifað rit fyrr en þetta rit var opinberað fyrir þér; annars gætu þeir sem efasemdir um sannindi opinberunarinnar og gefið þeim rök fyrir efasemdum sínum.* )(Kóran, 29:48)

2. **Arabarnir sem voru góðir ræðumenn og meistarar í mælskufræði voru vefengdir að gera það.** Fegurð Kóransins, strúktúr og djúpt merking gerð Arabanna gáttaða og hissa. Kóraninn er eilíft kraftaverk Múhameðs. Sendiboði Guðs(ﷺ) sagði:

*Kraftaverk spámannanna (fyrir tíð Múhameðs (ﷺ) eru afmörkuð við þá tíma sem þeir lifðu á. En kraftaverkið sem gefið er í Kóraninum er eilíft og verður að eilífu gilt. Og þess vegna vona ég að það fái marga fylgjendur. (Bukhari, #4598)*

Og þó að fólk hans var vel talandi og þekkt fyrir ljóð snilld sína þá áskoraði Guð þeim að semja einkvað í líkingu við Kóraninn. Guð áskoraði fólki að semja einn kafla sem var líkur þess sem var í Kóraninum, en enginn þeirra hefur getað mætt þessari áskorun til þessa dag. Guð segir:

(*Og ef þið hafa efasemdir um nokkuð að því sem við höfum stigvíst opinberað fyrir þjóna okkar, komið þá fram með einn Kafla (sura) sem hægt er að líka við það sem við höfum opinberað og kallið fólk til vitnis – einhvern annan en Guð – ef þið segið satt.*)

*(Kóran, 2:23)*

Guð áskorar öllu mannkyni og öllum djinnum (elds öndum) að gera einkvað bara í líkingu við Kóraninn. Guð segir:

(*Segið: ”Ef mannfólkið og ósýnilegar verur mundi vinna saman að því að gera einkvað í líkingu við þennan Kóran, þá myndu þessu fólki mistakast, jafnvel ef allir myndu hjálpast að!”*) (Kóran, 17:88)

3.**Þó að Spámaðurinn (ﷺ) lenti í mörgum hremmingum og stóð andspænis sínu eigin fólki sem gerð ráð um að myrða hann hélt hann áfram að predika og kalla fólk til Íslam.** Spámaðurinn (ﷺ) hélt áfram að predika og var þolinmóður. Ef

hann hefði verið svikari sem hefði farið með svik og pretti þá hefði hann örugglega óttast líf sitt og hætt að predika og kalla til Íslam.

W. Montgomery Watt sagði:

> Hann var meira en tilbúinn að leggja líf sitt að veði við að fylgja sannfæringu sinni, þessi mikla siðferðislega manngerð gerði það að verkum að menn vildu fylgja honum og trúðu á hann og leit upp til hans sem leiðtoga, mikilfengleika hans í athöfnum hans allt þetta úttalar um hvernig manngerð hans var og trúveruleika hans. Að halda því fram að Múhammeð (ﷺ)sé svindlari skapar fleiri vandamál en sú staðhæfing leysir. Það er einnig þannig að enginn af merkum mönnum í sögunni hefur fengið eins mikla athygli í vestur heiminum eins og Múhammeð (ﷺ). Þannig að ef við viljum bara gefa Múhammeð (ﷺ) þann orðstír að hann hafi verið heiðarleika og trúfestu, ef við ætlum að skilja hann nokkuð, ef við ætlum okkur að leiðrétta þær villur sem hafa verið áskapar fyrr í sögubókum megum við ekki gleyma því að til að hafa endanlega sönnun á einhverju er ekki nóg bara að sýna sennileika einhvers, heldur veður að sanna þær sögulegu heimildir svo enginn vafi sé fyrir hendi.

4. **Af náttúrulegum orsökum eldar manneskjan fegurð, munað og óhóf og er yfirleitt leidd af þessum veraldlegu gæðum til hrörnar, úrkynjunar og að lokum eyðileggingu**. Guð hinn almáttugi , segir:

(*Ást kvenna, synir [stór fjöldi sona], skattar af gulli og silfri, hreinræktaðir hestar, búskapur og ræktanlegt land draga upp mynd af manneskjunni [sem er sú með óverðuga] í lífinu. Allt þetta tilheyrir dásemdum þessa lífs en Guð er hæstur alls góðs.*) (Kóran, 3:14)

Manneskjan er af sinni náttúru kappsöm og ötul við að njóta þess góða í þessum heim en aðgreinist af því leiti hvaða aðferðafræði er beitt við að ná fram þessum tilgöngu. Sumir beita löglegum aðferðum á meðan aðrir nota ólöglegar aðferðir. Quraish ættbálkurinn reyndi að Sannfæra Spámanninn (ﷺ) að hætta að kalla fólk til Íslam gegnum að lofa að gera hann að leiðtoga Quraishs, gifta fallegustu konurnar með honum, og gera hann að auðugasta manninum meðal þeirra. Þegar hann fékk þessi freistandi tilboð gaf hann svarið:

Við sjálfan Guð, ef þeir myndu gefa mér sólina í hægri hönd og mánann í þá vinstri, þá myndi ég ekki yfirgefa það sem Guð skipar mér að gera og fyrr myndi ég deyja á meðan ég kalla mannfólkið til Sannleikans en að yfirgefa Hann. (Ibn Hisham)

Ef Spámaðurinn (ﷺ) hafði verið svindlari hefði hann ekki samþykkt þetta tilboð án þess að hika.

Thomas Carlyle sagði:

> Þeir kölluðu hann spámann, segir þú? Af hverju, gerðu þeir það? Hann stóð með andlitið á móti andliti á móti þeim, hér ekki umkringdur dulvitringum, sýnilegur og umvafinn hvítu klæði, gerði við sína eigin skó, barðist, gaf ráð og skipaði þeim á meðal stríðandi fylkinga. Þeir hljóta að hafa séð hverskonar maður hann var, látið hann kallast það sem þið viljið. Enginn keisari né kóngur með kórónu var hlýtt eins og þessum manni var hlýtt. Á þrátíu og þriggja ára tímabili af hörðum bardögum, þá get ég ekki séð hann annað en sannarlega hetju.[38]

**Það er velþekkt söguleg kenning að konungsríkið og ríkidómar þess eru til boða konungsins og eru lagðir fyrir framan fætur hans.** Múhammeð (ﷺ) vissi að líf hans varði aðeins stutt stopp áður en haldið var inn í næsta líf Ibraheem b. Alqamah sagði að Abdullah sagði: “Spámaðurinn (ﷺ) lá á þunnri mottu gerða úr heyi sem skildu eftir för á hlið hans, svo að ég sagði: ‘Ó Sendiboði Guðs (ﷺ) ! Ég elska þig meira en minn eigin föður og móður! Leyfðu okkur að gera þessa þunnu mottu mjúkari svo að þér verði ekki illt í bakinu.’ Spámaðurinn(ﷺ)sagði:

[38]*Heroes, Hero-Worship and the Heroic in History.*

Mitt fordæmi í þessu lífi er eins og ferðalangur sem tók sér hvíldar pásu undir tré og hélt síðan áfram ferð sinni.” (Ibn Majah, #4109)

an-Nu’man b. Bashir sagði:

Ég sá Spámanninn (ﷺ) þegar hann gat ekki einu sinni fundið skemmdar döðlur til að fylla maga sinn með. (Muslim, #2977)

Abu Hurairah sagði:

Sendiboði Guðs (ﷺ) borðaði ekki fylli sína stundum þrjá daga í röð. (Bukhari, #5059)

Þetta sýnir að, þó að hann stjórnaði öllum Arabíu skaganum og var uppspretta gæsku fyrir fólkið, og vegna ósjálfelsku hans átti hann stundum ekki nóg að borða. Eigin kona hans A’ishah sagði að Spámaðurinn (ﷺ) hefði keypt mat á kredit frá gyðing og lagði brynjuna sína að veði. (Bukhari, #2088)

Þetta þýðir ekki að hann hefði ekki getað fengið það sem hann vildi fá, miklir ríkidómar voru færðir til hans í Moskunni. En hann hreyfði sig ekki þar sem hann sat fyrr en öllu hafði verið dreift jafnt á milli fátækra og þurfandi. Hluti fylgjenda hans var vel efnaður og þeir hikuðu aldrei við að

þjóna honum og gefa honum öll auðæfi sín ef hann hefði beðið um þau, en í stað þess að eltast við auðæfi þá notaði hann mestan tíma sinn í að þjóna Guði og kalla til Íslam. Spámaðurinn (ﷺ) þekkti eðli þessa heims og hélt sér frá öllum ríkidómum. Hann sagði: “Þessi heimur í líkingu við næsta líf er eins og maður sem stingur fingri sínum í hafið: látið hann sjá hvað kemur eftir þetta líf.

(Muslim, #2858)

Pastor Bosworth Smith sagði:

Ef einhvern tíman nokkur maður hefur brugðist við með guðdómlegu réttlæti var það Múhameð, hann hafði alla burði til að misnota vald sitt í eigin þágu en gerði það aldrei, vegna þess að hann hafði eftirfarandi eiginleika. Hann hafði engan áhuga á þeim hlunnindum sem aflið færði með sér og lifði einföldu lífi bæði í opinberlegu og formlegu lífi.[39]

5. **Ákveðnir atburðir áttu sér stað sem gerðu það að verkum að Spámaður Guðs (ﷺ) þurfti að fá úrskýringu hvernig hann átti að beita sér í þeim málum, og aðhafðist ekkert fyrr en hann hafði tekið á móti opinberunum sem studdu aðgerðir hans:** Á biðtímanum (þeas, milli þess tíma sem atburðurinn átt sér stað og opinberunina átt sér stað) var

[39]*Muhammad and Muhammadanism.*

hann mjög óróglegur og ekki með sjálfum sér vegna aðgerðaleysi, (Vegna þess að hann gat ekki dæmt í málinu). Sem dæmi þá gerðist það við Ifk þar sem eiginkona Spámannsins A'ishah, má Guð vera ánægður með hana, var ásökuð um að hafa haldið framhjá Spámanninum og að hún væri ómóralísk. Áður en Spámaðurinn (ﷺ) fékk opinberunina vegna þessa sem sannaði ósekt A'ishah leið einn mánuður og allan þann tíma baktöluðu óvinir hans hann. Hafði Spámaðurinn (ﷺ) verið svindlari hafði hann sannarlega leyst erfið leikan strax og án þessa að bíða með að gera það í heilan mánuð, vegna þeirrar pressu sem sett var á hann af fylgjendum hans að gera einkvað í málinu strax. Guð segir.

(*Og hann talar ekki útfrá sjálfum sér.*)

(Kóran, 53:3)

6. **Spámaðurinn (ﷺ) krafði þess að fylgjendur hans skildu ekki smjaðra fyrir honum.** Honum líkaði ekki ef einhver smjaðraði fyrir honum á nokkurn hátt. Anas sagði:

Enginn af fylgisveinunum var eins elskaður og dáður og Sendiboði Guðs (ﷺ) Þegar þeir hittu hann stóðu þeir ekki upp fyrir honum þar sem þeir vissu að honum var illa við það. (Tirmidthi, #2754)

Og Spámaðurinn (ﷺ) sagði:

> Smjaðrið ekki fyrir mér eins og hinir kristnu smjöðruðu fyrir Marías son Jesús. Sannarlega er ég bara þjónn, og segið því: “Abdullah (þjónn Guðs) og sendiboði Hans.” (Bukhari, #3445)

Washington Irwing sagði:

> Hernaðar sigar hann byggðu ekki upp ríkidæmi og voru ekki byggðir á stærilátum og hernaðurinn var ekki gegnum færður á sjálfelskum forsendum. Og svo var það þegar það gekk vel og þegar það gekk illa. Honum var illa við konungslæti og honum var illa við ef nokkur maður smjaðraði við honum eða sýndi honum virðingu þegar þeir mættust.

7.**Í Kóraninum er vitnað í nokkra atburði sem lúta að álösun og réttlætishyggju Spámannsins (ﷺ)**

Útskýrði Spámaðurinn (ﷺ) og fram færði þessar upplifanir. Sem dæmi:

a. Gud, hinn almáttugi sagði:

> (*Spámaður! Af hverju gerinu sjálfum þér svo erfitt fyrir – bara til að gleðja eiginkonu þína – hefurðu bannað það sem*

*Guð hefur gefið þér leyfi til að gera? Guð fyrirgefur ávalt, og er miskunnarsamur.*) (Kóran, 66:1)

Til að mótmæla nokkrum eiginkonum ákvað Spámaðurinn (ﷺ) að ekki borða hunang, en var síðar leyft þarf sem Guð sagði að hann hefði bannað það sem Guð hafi gert honum leyfilegt.

b. Guð, hinn almáttugi segir:

(*Guð fyrirgefur þér-en af hverju ætur þú þau [bíða heima], áður en þú hefur gert það klárt fyrir þig hver sagði sannleikan og hver laug?*) (Kóran, 9:43)

Gud ávísaði Spámanninum (ﷺ) vegna þess að hann samþykkti afsakanir hræsnara sem flúðu af hólmi í bardaganum við Tabûk án þess að athuga hvort þær afsakanir hefðu verið byggðar á sannleika eða lygi.

c. Gud, hinn almáttugi segir:

(*Spámanni á ekki að halda föngum [og krefja lausnar gjald fyrir laun þeirra] ekki fyrr en hann er búinn að vinna bug á þeim (óvinum sínum) í sínu landi. Þú þráir það góða í þessum heimi, en Guð lentar eftir þér í næsta lífi. Guð er allmáttugur og veit allt.*) (Kóran, 8:67)

Þetta vers var útskýrt nákvæmlega í spámannasögunni þegar Guð ásakaði Spámanninn (ﷺ) fyrir þá miklu umhúð og mildi sem hann sýndi á móti svörnum óvinum sínum sem áttu skilið

hörðustu refsingu til þess að endurgjalda þeim illar gjörðir þeirra.

d. Guð, hinn almáttugi, segir:

(*Þau reiða á þig [Múhammeð] að ákvarða ef [Guð] á að taka á móti eftirsjá þeirra og fyrirgefa þeim eða að refsa þeim – því þetta er óréttlátt fólk.*) (Kóran, 3:128)

e. Guð, hinn almáttugi segir:

(*Með hroka gretti hann sig og snéri sér burt frá blinda manninum sem kom fram til hans. Og hvernig getur þú vitað að hann gæti hafa orðið hreinn frá synd? Og að hann hefði getað hlotið syndaaflausn og að syndaaflausin myndi þóknast honum?*) (Kóran, 80:1-4)

Blindi maðurinn var Abdullah ibn Umm Maktûm sem kom til Spámannsins (ﷺ) þegar hann predikaði yfir nokkrum af yfirmönnum Quraishs, þegar maðurinn ávarapi Spámanninn (ﷺ) lyfti hann upp augnbrúnunum og snéri sér frá manninum. Fyrir þessa hegðun ámeinti Guð hann:

Ef Spámaðurinn (ﷺ) væri svikari væru ekki svona vers til í Kóraninum.

Muhammad Marmaduke Pickthall sagði:

> Einn dag þegar Spámaðurinn (ﷺ) var rök ræða við nokkra leiðtoga Quraish um sannleika Íslam, kom blindur maður og spurði hann einnar spurningar um trúna. Spámaðurinn (ﷺ) varð reiður af því að vera truflaður, lyfti upp augnabrúnunum og snéri sér burt frá manninum. Í þessum kafla (sura) er hann áminntur um mikilvægi einnar manneskju á ekki að ákvarðað af veraldlegri tign viðkomandi, heldur eru allir jafnir frammi fyrir Guði.[40]

8. **Eitt af bestu dæmunum á spámennsku hans er kafli 111 Al-Masad í Kóraninum.** Guð, hinn Almáttugi, dæmi föður bróður Abu Lahab í sársauka fulla elda helvítis. Kaflinn var opinberaður í byrjun þegar Spámaðurinn (ﷺ) var að byrja að gera *da'wah* (kalla til Íslam). Ef Spámaðurinn (ﷺ) var svikahrappur hafði hann ekki gert þennan dóm eftirsem föðurbróðir hans gæti eftir að hafi fellt dóminn yfir honum snúist hugur og tekið á móti Íslam!

Dr. Gary Miller sagði:

> ...Spámaðurinn (ﷺ) átti föðurbróðir sem hét Abu Lahab. Þessi maður hataði Íslam svo mikið að hann elti Spámanninn (ﷺ)

[40]*The Glorious Qur'an,* s. 685.

hver stig sem hann fór til að vanhrekja honum og fá fólk til að vantreysta honum. Ef Abu Lahab sá að Spámaðurinn (ﷺ) talaði við ókunnugan mann, beið hann þangað til að þeirra skildust fá hvorum öðrum og spurði, “Hvað sagði hann hvað sagði hann við þig? Sagði hann ‘svart’? Þá veistu að það er ‘hvítt’? Sagði hann ‘morgun’? Þá veistu að það er ‘nótt’?” Hann endurtók mótsögnina að öllu sem hann yfirheyrði í samtölum Múhameðs við aðra. Tíu árum áður en Abu Lahabs dó opinberaðist lítil kafli úr kóraninum fyrir honum. Það er augljóst að hann var á leiðinni í Eldinn (þeas helvítið), og sannaðist með öðrum orðum að hann mundi aldrei verða Múslími og var hann þess vegna fordæmdur alla tíð. Það eina sem Abu Lahbab hafði þurft að segja til að losna undan þessu var að segja, „Ég heyrði að það var opinberað fyrir Múhammeð(ﷺ) að ég myndi aldrei breytast – og að ég myndi aldrei verða Múslími og þess vegna hafna ég í eldinum. Og þess vegna vill ég verða Múslími núna án tafar. Hvað segið þið um þetta? Hverju trúið þið um guðdómlegar opinberannir nú?” En það er kannski eðlilegt miðað við það að hann reyndi allt sitt líf að skemma fyrir Múhammeð (ﷺ) og mótsega öllu sem hann sagði. Í einlægni hafði Múhammeð (ﷺ) sagt við hann „Þú hatar mig og þú vilt sjá mig mistakast? Hérna segðu þessi orð, og ég mun farast, komdu og segðu þau!”, En Abu Lahab sagði aldrei þessi orð, þau tíu ár sem hann hafði tækifæri til að segja þau til að bjarga sjálfum sér úr helju. Jafnvel þó að hann hefði seinna meir og meir samúð með boðskap Íslam. Hvernig gat Múhammeð (ﷺ) mögulega vitað að Abu Lahab myndi ekki standast spádóm ef hann var ekki sannarlega

sendiboði Guðs (ﷺ)? Hvernig gat hann mögulega verið svo sjálfsöruggur að gefa einhverjum tíu, í að vefengja orð hans að hann væri sannur Spámaður? Eina svarið er að Sendiboði Guðs (ﷺ), er sannur Sendiboði Guðs (ﷺ) þar sem hann var allgjörlega sannfærður um að þessi guðdómlega opinberun var sönn og að spádómurinn myndi rætast[41].

9.Í einu versi í Kóraninum er Spámaðurinn (ﷺ) kallaður „Ahmad" í stað þess að vera kallaður „Múhameð". Guð, hinn almáttugi, segir:

(*Og [minnist] Jesús, sonur Maríu, sem sagði: „Ísraelsmenn! Ég er sendur til ykkar af Guði til að staðfesta þær leifar sem ennþá eru eftir af Tora og til að gefa ykkur þær glöðu fréttir að eitt sendiboð skal koma eftir mig sem mun heita Ahmad." En þegar hann kemur til þeirra með skýr tákn og vitnisburð, segja þeir: „ Þetta eru augljóslega galdrar og prettir!"*)

(Kóran, 61:6)

Þar sem Spámaðurinn var þekkur sem 'Múhammeð' (ﷺ) meðal fólks síns, og ef hann væri svindlari hefði nafnið „Ahmad" ekki verið nefnt í Kóraninum,. Þetta er líka skýr vitni um þá spádóma um komu Ahmad í fagnaðarboðskap Krists eða Guðspjallinu sem hefur verið nefnt.

---

[41]The Amazing Quran

10. **Trúin Íslam er ennþá til í dag og breiðist út um allar lendur.** Þótt að þeir sem kalla til Íslam hafa ekki nægilega fjármagn eða bakhjarla til að vera með mikið trúboð og þrátt fyrir þá erfiðleika sem þeir sem hafa sett sig á móti útbreiðslu Íslam hafa skapað, þá taka þúsundir manna Íslam sem trú sína. Guð, hinn almáttugi segir:

> (*Það erum Við sem höfum opinberað þennan Kóran stig fyrir stig og það erum Við sem munum gæta hans!*) (Kóran, 15:9)

Thomas Carlyle sagði:

> Stofnaði falshyggjumaður trúarbragð. Falshyggjumaður getur ekki byggt hús úr múrsteinum! Ef hann veit ekki samsetningu sementsins, leirsins og aðra þætti sem hann vinnur að við húsabyggingu, þá er það ekki fullkomið ógallað hús sem sá maður byggir þar sem sá maður kann ekki til verks, það er því aðeins maður sem kann til verks sem getur byggt fullkomið múrsteina hús. Það hús sem er gallað mun ekki geta staðið óhaggað í tólf aldir, og myndi falla saman eftir smá tíma. Maður verður að samræmast og laga sig að lagmálum náttúrunnar, og húsið verður að vera byggt í samræmi við þau því annars mun það falla. Ekki allar blekkingar eru villandi, greifinn í Cagliostro, og margir sem fara eftir dæmi hans og notast við sviki og pretti daglega. Er eins og að falsa peninga, sem fara úr einni verðlausri hendi til hinnar næstu: aðrir sem eru gáfaðri en þeir sjá í gegnum þetta. Náttúran brennur í eldi, Franska byltingin var þannig, þar sem haldið var fram að festu að falsaðir seðlar væru falsaðir.

> Og það eru þeir sem aðeins sjá sannleikan sem vita muninn á fölskuðum og ekta seðlum [42].

Spámaðurinn (ﷺ) varðveitti Kóraninn eftir að Guð hafði varðveitt hann í trúuðum heimildum og í mönnum sem lögðu hann allan á minnið kynslóð eftir kynslóð. Sannarlega með að leggja Kóraninn á minnið og lesa hann, læra og læra öðrum Kóraninn er uppáhalds hluturinn að gera hjá mörgum Múslímum, vegna þess að Spámaðurinn (ﷺ) sagði:

> Þeir bestu meðal ykkar eru þeir sem læra Kóraninn og kenna hann öðrum. (Bukhari, #4639)

Margir hafa reynt að leggja til eða taka burt vers úr Kóraninum en þeim hefur aldrei tekist að raska eða breyta Kóraninum, því að Kóraninn er varðveittur í sinni upprunalegri mynd og er texti hans aldrei endurskoðaður og ekki eru gefnar út endurbættar útgáfur af honum, Kóraninn er gefinn út eins og hann var opinberaður.

Sunnah Sendiboða Guðs er ein dómshæf heimild og svo takk sé treystandi og guð hræddum Múslímummúslímum þá hefur sú Sunnah verið varðveitt. Þetta fólk helgaði líf sitt að safna saman ummælum um Spámanninn og varðveittu þær, og notuðu sérstaka aðferðafræði við að sanna hvaða ummæli væru

[42] *Heroes, Hero-Worship and the Heroic in History*.

sönn og fölsk, hver voru upp spuni og hver þeirra kæmu frá áreiðanlegum heimildum. Þetta var gert með að horfa á hlekk þeirra sem varðveittu ummælin og síðan var ákvarðað hvort sá hlekkur væri trúverðugur og ekki og voru ummælin síðan skilgreind sem sterk eða veit eftir því hver frásagnar hlekkurinn var. Sá sem rannsakar það verk og mikla vinnu sem hefur farið í vísindalega rannsóknarvinnu hadítana (ummæla um Spámanninn), til að finna sannanir fyrir aðgerðum Spámannsins í ýmsum málum. Og einnig getur maður gengið að því vissu og þau varðveitt ummæli eða umsagnir séu sönn þar sem þau hafa verið flokkuð sem sterk og sönnuð og staðfest með áreiðanlegri vísindalegri aðferð, sem gengst við því að staðfesta ummæli fólk með því að leita sem flestum aðilum sem staðfesta að þessi orð voru látinn falla.

Michael Hart[43] sagði:

> Múhammeð (ﷺ) kynnti og útskýrði heiminum fyrir einni stærstu trú í heimi [44] og var líka mjög árangursríkur stjórnmálamaður og pólitískur leiðtogi. Í dag þrátíu öldum eftir dauða hans eru áhrif hans ennþá mikil og yfirgripsmikill.

[43]*The 100: A ranking of the most influential persons in history*.

[44]Við trúm að Íslam er guðdómleg opinberum frá Guði og að Múhammeð miðlaði því bara áfram sem var opinberað af Guði og sem var heilög skilda sem Guð setti honum.

11. **Sannfæringar máttur hans sannleiks einlægni og trúleiki er tímalaus og góður mannlegur eiginleiki.** Þær niður stöður sem notkun Íslam hefur gefið eru lögmæt, gegnumsæ og vel þekkt sem einnig er vitnisburður um að Íslam er opinberað frá Guði. Af hverju er þá ekki mögulegt að Múhammeð (ﷺ) var Spámaður á sama hátt og margir aðrir Spámenn og Sendiboð sem voru send á undan honum? Ef svarið á þessari spurningu er það sé ekkert sem hindrar það, spyrjum við, „af hverju staðfestum við spámannsstöðu þeirra sem komu á undan honum”?

12. **Manneskjan getur ekki búið til lagakerfi sem er líkt íslamska réttarkerfinu sem snýr sér að öllum þætti tilverunnar svo sem trúarlegu, praktísku, iðnaðarlegu, viðskipalegu, samfélagslegum samskiptum, giftingu og skilnaði, snertir opinbert of óopinbert líf, pólitík og fleira.** Hvernig átti ólæs og óskrifandi maður í gegnum tíu ára tímabil getað skapað allt þetta sem heil þjóð og siðmenning er byggð á? Þetta eru sönn staðfesting og tákn á spámannshlutverki hans!

13. **Spámaðurinn (ﷺ) byrjaði ekki fyrr en hann var fertugur að kalla fólk til Íslam.** Æsku ár hans voru að baki og venjulega þegar fólk nær þessum aldri vill það nota meiri og meiri tíma í tómstundir og frístundir. Og samt var hann skipaður af Guði sem Spámaður og skipað og gefið það verkefni að breiða út Íslam.

Thomas Carlyle sa:

> Sú staðreynd að hann hefði á sýnum bestu árum lifað fábrotnu lífi, og alltaf verið hógsamur og lítilátur, þangað til að hann lést sýnir að hann var ekki svikahrappur. Hann var fertugur áður en hann fór að tala um opinberun sýna. Allt ósamræmi, ekta og óekta byrja eftir dauða fyrstu eiginkonu Spámannsins Kadijah. Lífsverk hans var að lifa í við sitt sannleiksgildismat, frægð hans var bara skoðun nágranna hans og aldrei áætlunar verk hans. Ekki fyrr en að blómi lífs hans hafði runnið í sandinn hóf hann lífsverk sitt, og lagði allt sem hann hafði byggt um í æsku árum sínum að veði sem hann missti strax þegar hann var ásakaður um að vera villutrúarmaður til að fylgja sannfæringu sinni, og skildi að baki sér öll þau lífsgæði og tækifæri sem hann hafði kastað frá sér til þess að fylgja sannfæringu sinni. Ég hef því enga trú á því að hann sé svikahrappur þar sem hann lagði allt að veði og lifði fábrotnu og fátæku lífi allt til þans dags sem hann dó[45].

[45]Heroes, Heor-Worship and the Heroic in History.

## 11. Niðurstaða

Við ljúkum þessari rannsókn með orðum Alphonse de LaMaraines [46] sem eru skrifuð í *Historie de al Turquie*:

> Aldrei hefur ein manneskja, með frjálsri eða ófrjálsri hendi talað þannig, að sjálf ræðan yfirbugar mannfólkið með orðum sem voru ekki af mönnum kominn, og brotið niður villutrú, hjátrú og höft sem fólkið hafði sett á milli sýn og Skaparans, og fært Guð aftur til mannfólksins og fært mannfólkið aftur til Guðs, að endurreisa skynsama og rökrétta og helga hugsun um guðdómleika  milli þeirra sem ringulreiðar sem hafði skapast í fjölgyðistrú og með dýrkun til skurðtákna. Aldrei hefur einn maður með svona lítið af tilgöngum tekist að uppfylla eins erfitt og ómögulegt verkefni eins og hann Múhammeð (ﷺ) gerði, sem hafði undir alla sína tíð enga annan að hjálpa sér nema sjálfan sig og aðeins menn sem hægt var að telja á fingrum annarrar handar sem voru búsettir í afskertu horni eyðimarkarinnar. Að lokum er það svo að enginn manneskja hefur komið svo miklu í verk og ollið svo miklum breytingum en hann, sem voru stórar og byltingarlegar hugmyndir sem umbreytu sið og þjóðmenningu fólksins í heiminum, tveimur öldum eftir að Íslam hafði verið opinberað var Íslam útbreitt um alla Arabíu og sigraði í nafni Guðs, Persíu, Kýpur, Indlandi, Indónesíu,

[46] Hann var skáld, þingmaður og forseta frambjóðandi.

Sýrlands, Egyptalandi og Abesseníu, allan hluta Norður Afríku, fleiri eyjum í miðjarðar hafinu, Spáni og hluta af Galíleu. „Ef mikilmennska tilgangsins, og það litla sem þeir höfðu til að ná markmiði sýnu, og þessi gífurlegu úrslit eru þrjú rök fyrir snilling, að þessu gefni hver annar gæti verið merkasti maður sögunnar en Múhammeð (ﷺ)? Frægustu menn mannkynssögunnar stofnuðu aðeins keisaradæmi og heimsveldi sem eru í dag horfinn í tímans tönn. Þeir stofnuðu þessi heimsveldi, og þau hrundu saman fyrir augum þeirra. Þessi maður hafði ekki bara áhrif á heri, löggjafavald, heimsveldi, fólk, ættveldi heldur hafði hann sterk á hrif á milljónum manna, og samtals 1/3 af öllum sem búa á jörðinni, og ekki bara það hann hreyfði við og breytti altörum, guðunum, trúnni, lífshugmyndunum, trúarhugmyndunum, trú og sálir. „Á grundvelli þessarar bókar þar sem hver stafur guðdómlegt lag stofnaði hann andlegt þjóðfélags byggingu sem byggði brýr af fólki af mismunandi þjóðar brotum, ættar brotum og tungumála bakgrunni. Hann hefur skilið eftir sig í Menningarheimi Múslímar hatur á fölskum guðum sem eru gerðir af mönnum og settir á milli þeirra og Guðs eins, og kveikt í þeim ástríðu til að tilbiðja hinn eina og sanna Guð án þess að setja nokkuð við hlið hans sem hindrar þjóni Guðs að biðja um fyrirgefningu hjá Guði einum. Þessi refsing himna föðursinnis gegn vanhelgun á orði Guðs, með dýrkun skurðtákna og helgigripa varð kveikjan og formaði hugsjón fylgjanda Múhameðs um að stuðla að endurbótum í trúlífi samlanda sinna, herförin og landvinningarnir á 1/3 hluta landmassa jarðarinnar til að kalla fólk frá hindurvitunum til sannar trúkenningar var kraftaverk hans, eða það var ekki

kraftaverk hans heldur var það óumflýjandi ástæða þess að kraftaverkið var sent niður til mannkyns. „Hugmyndin um eindrægni Guðs, kunngerði á meðal örmögnun hugmyndarfræði manna sem kölluðu til vanhelgunar og hindurvitna, sem voru svo hugmyndar snauðir að Hann þurfti ekki að segja nema nokkur orð til að eyðileggja alla þá villutrú sem hafði komist á eftir daga Abrahams og eyðilagði öll musteri sem höfðu sett skurðtákn á milli Guðs og manns og kveikti neista í hjörtum 1/3 mannkyns. Lífs hans, boðskapur og hetjuleg frammistaða hans geng hjátrú, og hetjuleg frammistaða hans gegn skurðgoðadýrkun, staðfesta hans í að þola einelti frá þeim í fimmtán ár meðan hann bjó í Mekka, og með því að taka að sér það hlutverk að vera svívirtur opinberlega og fyrir að vera úthúðaður og ættingjum sínum, allt þetta og að lokum, flótti hans, linnulaus predikun hans, stríð hans á móti öllum líkindum sem voru alltaf í hans óþágu, óblindandi trú hans á að honum myndi að lokum takast og ofmannslegi hugrekki hans þegar hann varð fyrir ógæfu, þolinmæði hans í styrjöldum og við sigur, metnaðargirni hans, sem var tileinkuð aðeins einni hugmynd og var engan veginn að byggja upp keisaradæmi eða heimsveldi , endalausu bænir hans, samtöl hans við Guð, dauði hans og sigur eftir fráfall hans, allt þetta gefur til kynna að hér er að verkum ekki svikahrappur heldur maður með sanna sannfæringu, sannfæringu sem gaf honum aflið sem þurfti til að endurreisa sanna trúkenningu. Þessi trúkenning var eindrægni Guðs og óefniskennd samsetning Guðs: það fyrra sem segir hvað Guð er og það seinna sem segir hvað Guð er ekki. Að steypa af stóli og binda endi á skurðgoða

dýrkun með sverði, og á hinn buginn að berjast með orðum og þannig útbreiða hugmyndir sýnar. „Heimspekingur, mælskumaður, postuli, löggjafi, sá sem sigraðist á hugmyndarfræði byggða á villutrú og endurreistari rökhyggju og trú byggða á rökhyggju og rökum. Stofnandi tuttugu jarðneskra heimsvelda þar sem grunn veldið sem hélt þeim veldum saman og gerði að samveldi var andlegveldi byggt á boðorði Múhameðs. Að öllu þessu gefnu, og eftir öllum þeim stöðlum sem við notum í dag við að meta fólk af verðleikum, getum við þá spurt okkur sjálf, hvort nokkur maður í mannkynssögunni sé merkari en Múhammeð (ﷺ)?

Öll lofgjörð kemur frá Guði einum, herra heimsins.

Og má Guð blessa Spámann sinn og fjölskyldu hans, og vernda hann frá öllu illu.

Ef þið viljið meiri upplýsingar um Íslam hikið þá ekki við að hafa samband við: en@islamland.org

Heimsækið einnig eftirfarandi síður:

www.islamland.org

www.islamreligion.com

www.islam-guide.com

www.missionislam.com

www.sultan.org

www.islamtoday.com

www.salafipublications.com

mohammad.islamway.com/